ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 28. janúar 1998 • 4. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

KFÍ í úrslit Renault bikarkeppninnar

-sjá nánar frétt og myndir á bls. 12 og 13.

Sjónvarpsstöðin Sýn

Hefur útsendingar á Ísafirði í apríl

,,Það er mjög líklegt að Sýn komi á Ísafjörð, sérstaklega ef útkoman úr samningaviðræðum okkar við Landssímann hf., sem enn er ekki búið að ganga frá, verður góð. Það er mikill vilji innan fyrirtækisins að hefja útsendingar á Sýn á Ísafirði og mín tilfinning er sú að af þessu geti orðið í síðasta lagi í apríl næstkomandi," sagði Hannes Jóhannsson, tæknistjóri hjá Íslenska útvarpsfélaginu í samtali við blaðið, en eins og kunnugt er sagði hann í viðtali við blaðið fyrir stuttu að mál þessi myndu skýrast í þessum mánuði.

Hannes sagðist hafa átt viðræðum við stjórnendur Landssímans á mánudag en engin niðurstaða hefði fengist á þeim fundi. Ljóst er að fjölmargir íþróttaunnendur fagna komu sjónvarpsstöðvarinnar enda eru sýndir á henni fjölmargir íþróttaviðburðir beint. Í viðtali við blaðið fyrir tveimur vikum sagði Hannes að Ísafjörður væri nógu stórt markaðssvæði fyrir stöðina og því í raun ekkert til fyrirstöðu að hefja útsendingar annað en kostnaðurinn við flutning á efni stöðvarinnar.

Skipasmíðastöðin hf.

Þriðja nýsmíðaverkefnið í höfn

Skipasmíðastöðin hf., á Ísafirði hefur gengið frá smíðasamningi við Stapavík ehf., á Akranesi um smíði á 30 tonna stálskipi sem ráðgert er að gera út á dragnótaveiðar. Hið nýja skip er svipað og Sandvíkin sem fyrirtækið smíðaði á síðasta ári en þó örlítið breiðara og dýpra.

,,Skipið verður 4,80 metrar á breidd, 2,80 metrar á dýpt og 15 metrar á lengd. Smíðin hefst fljótlega en samkvæmt samningi eigum við að skila skipinu fullbúnu í júlí í sumar," sagði Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar í samtali við blaðið.

Þessa dagana er Skipasmíðastöðin að smíða 18 metra langt skip fyrir Reykjaborg hf., í Reykjavík og verður það afhent eigendum sínum í apríl. ,,Að gera þennan samning er staða sem við höfum lengi beðið eftir þ.e. að fá nýsmíðaverkefni áður en annað er búið. Það er langt síðan slíkt hefur gerst hér á landi," sagði Sigurður. Hið nýja skip fyrir Stapavík ehf., verður þriðja nýsmíðaverkefni Skipasmíðastöðvarinnar á undangengnum tveimur árum.

Smíðaverð skipsins fékkst ekki uppgefið en Sigurður sagði forsvarsmenn Skipasmíðastöðvarinnar ánægða með þann samning sem gerður var.

,,Það eru alltaf nokkur slík verkefni í deiglunni og við erum bjartsýnir á að geta náð í fleiri verkefni í framhaldi af þessu. Það er klárt að við stefnum að því að fylla árið af verkefnum," sagði Sigurður.

Hálfdán sá besti

-sjá bls. 10

Konan á bak við röddina

-sjá viðtal á bls. 8

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

VÖRUVAL

Þorramatur í miklu úrvali!

Munið laugardagsopnunina á Skeiði kl. 10-14

Þín verslun

HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ • HELGARTILBOÐ

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Netfang:
hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Frá Ísafjarðarhöfn.

Mót hækkandi sól

Leiðari

Sólardagur Ísfirðinga leið að kveldi án þess að veðurguðunum þóknaðist að draga skýjahulurnar til hliðar svo við mættum njóta yls fyrstu sólargeislanna, sem ávallt er beðið með mikilli eftirvæntingu. En jafnvel þótt einhver bið verði á að lífgjafinn mikli helli geislum sínum yfir bæinn okkar er sú vissa til staðar að nú göngum við mót hækkandi sól.

Með Bóndadeginum hófst Þorrinn, þar með er veturinn hálfnaður að fornu tímatali. Forfeður okkar höfðu áhyggjur af Þorra og Góu, hvernig þreyja mætti þessa alla jafna veðurhörðustu mánuði ársins, áhyggjur af minnkandi heystöbbum og matarsnauðu búi. Baráttan snerist um að lifa nútíðina, framtíðin var fárra hugsun.

Komandi aldamótakynslóð þarf ekki að hafa áhyggjur af að þreyja Þorrann og Góuna líkt og Kynslóðin með stórum staf, sem kennd er við síðustu aldamót. Áhyggjur okkar, sem deilum um tímasetningu næstu aldamóta, eru af allt öðrum toga.

Tilhneigingin til að kasta öllu gömlu og þjóðlegu fyrir róða um leið og eitthvað nýtt býðst er Íslendingum töm. Þótt nýjungar séu margar hverjar af hinu góða og framfarir nauðsynlegar er ekkert einhlýtt. Líkur eru á að Íslendingar einir þjóða hafi lært þá list að varðveita mat í mjólkursýru. Ekki er nokkur vafi á að þessi snjalla geymsluaðferð bjargaði þjóðinni frá hungurdauða í stórum stíl fyrr á öldum.

Í dag er Þorrinn tími mannfagnaða þar sem þjóðleg hefð í matargerð er í heiðri höfð. Með þorrablótum, sem í núverandi mynd hófust upp úr miðri þessari öld, var stigið mikilvægt skref í þá átt að viðhalda matargerð, sem allt útlit var fyrir að legðist af þegar þægindin hófu innreið á íslensk heimili eftir margra alda kyrrstöðu. Með neyslu súrmetis á Þorra er viðhaldið matarvenju sem eins og áður sagði hélt lífinu í þjóðinni öldum saman.

Ýmsir fýla grön yfir Þorramatnum. Það er þeirra vandamál. Og þeir, sem ekki þekkja mun á úldnum mat og skemmdum annars vegar og sýrðum, kæstum og signum mat hins vegar, ættu hvorki að opna munn né stinga niður penna til að opinbera fávisku sína um ágæti þessara íslensku og gómsætu rétta.

Víst er Þorrinn stundum stirður í lund, en við komu hans er ekki um að villast að svartnættið er á undanhaldi þótt hægt fari.

s.h.

Ársskýrsla hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar

Flutningar um hafnir sveitarfélagsins drógust verulega saman

Landaður afli í höfnum Ísafjarðarbæjar á síðasta ári var um 34 þúsund tonn á móti 39 þúsund tonnum árið áður. Þessar upplýsingar koma fram í ársskýrslu hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar en þar segir einnig að umsvif í flutningum um hafnir sveitarfélagsins hafi dregist verulega saman og er aðalástæða þess sjö vikna verkfall á síðasta ári sem og að flutningar vegna jarðganganna undir Breiðadals- og Botnsheiðar hafi verið nánast engir á síðasta ári miðað við árið á undan.

Á Suðureyri var landað 4,336 tonnum á síðasta ári á móti 3.455 tonnum á árinu 1996, á Flateyri komu 6,553 tonn á land á móti 11,215 tonnum árið 1996, á Þingeyri komu 4.178 tonn á land á móti 3.004 tonnum árið 1996 og á Ísafirði komu 19.300 tonn á land á móti 21.328 tonnum árið 1996. Framkvæmdir á vegum hafnarstjórnar voru þær helstar á síðasta ári að lokið var við smíði ferjubryggju á Ísafirði, haldið var áfram við að malbika hafnarsvæðin og eru hafnirnar nú þokkalega vel klæddar bundnu slitlagi. Á Suðureyri var bætt við löndunarkrana auk þess sem sett var upp 60 tonna bílavog. Þar var einnig unnið að undirbúningi að nýju vigtarhúsi. Á Þingeyri var unnið að viðgerð á skemmd á hafskipabryggju ásamt venjulegu viðhaldi og á Flateyri var unnið að venjulegu viðhaldi ásamt því að lokið var við malbikun hafnarsvæðisins.

Skipakomur til Ísafjarðar voru 916 á árinu 1997 á móti 897 á árinu á undan. Samtals voru þau 1.167,210 brúttótonn á móti 1.179.036 brúttótonnum árið áður. Haldið var áfram markaðssetningu skemmtiferðaskipa á síðasta ári en þá komu sjö skip til Ísafjarðar með 3.094 farþega og áhöfn. Hafnsögubáturinn Þytur fór í 171 ferð með lóðs og til annarra verka en hafnsöguþjónusta hefur dregist mjög saman eftir að flutningaskip fóru að koma að í Sundahöfn.

Skíðasvæðið á Seljalandsdal

Heimatilbúinn snjór

Líkt og aðrir landsmenn hafa Vestfirðingar lítið orðið var við snjó það sem af er vetri. Flestir þeirra eru ánægðir með tíðarfarið en aðrir s.s. skíðaáhugamenn, eru orðnir þreyttir á ástandinu enda hafa þeir lítið sem ekkert getað stundað skíðin í vetur.

Þrátt fyrir snjóleysið hafa starfsmenn skíðasvæðisins á Seljalandsdal ekki gefist upp og hafa í því sambandi fengið til liðs við sig öfluga vél til framleiðslu á snjó. Hefur vélinni verið beint að þeim stöðum við lyftur svæðisins þar sem þörf er á miklum snjó með þeim árangri að nú hefur verið hægt að opna svæðið almenningi. Á meðan að snjór er á svæðinu og snjóvélin hefur við, verður skíðasvæðið opið frá kl. 13-18 á mánudögum og miðvikudögum, frá kl. 13-21 á þriðjdögum og fimmtudögum, frá kl. 13-17 á föstudögum og frá kl. 10-17 um helgar.

Heimatilbúinn snjór hefur gert það að verkum að hægt hefur verið að opna skíðasvæðið á Seljalandsdal.

Reykjavík

Þorrablót Bolvíkinga

Hið árlega þorrablót Bolvíkingafélagsins í Reykjavík og nágrenni fer fram nk., laugardag kl. 19 í Víkingadal Hótels Loftleiða. Áuk hefðbundins þorramatar verður boðið upp á fjölbreytt skemmtiatriði og dans. Allir Bolvíkingar, jafnt vestra sem syðra eru hvattir til að mæta. Félagið minnir á tilboð flugfélaganna á flugi og gistingu af þessu tilefni.

Knattspyrna

Ernir ræður Zeljko

Knattspyrnufélagið Ernir á Ísafirði hefur gengið frá ráðningu á þjálfara fyrir meistaraflokk félagsins fyrir komandi keppnistímabil. Sá sem fyrir valinu varð, er Zeljko Sankovic frá Júgóslavíu sem starfað hefur á Ísafirði um nokkurra mánaða skeið. Mikill hugur er í leikmönnum liðsins og hefur stefnan verið sett á sæti í 2. deild.

Ísafjörður

Rafræn viðskipti

Dagana 4. og 5. febrúar standaAtVest, Kaupmannafélag Vestfjarða, Icepro og EDI-félagið fyrir kynningu á rafrænum viðskiptum og SMT og hefst kynningin í Edinborgarhúsinu á Ísafirði kl. 20. Af þessu tilefni mun Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Icepro og EDI-félagsins heimsækja fyrirtæki til kynningar á nýjum viðskiptaháttum.

Nýr leikskóli á Torfnesi á Ísafirði vígður á laugardag

Heildarkostnaður áætlaður um 81 milljón króna

Hinn nýi leikskóli á Torfnesi verður formlega vígður á laugardag.

Formleg vígsla nýs leikskóla á Torfnesi á Ísafirði verður á laugardag kl. 13 og að henni lokinni eða um kl. 15 verður húsnæðið almenningi til sýnis. Hinn nýi leikskóli er um 725 m² að stærð. Heildar kostnaður við bygginguna er áætlaður 81 milljón króna sem svarar til 108 þús. kr. á hvern fermetra ef frá er dreginn kostnaður við lóð sem er um 9 milljónir króna.

Í skólanum verða tvær heilsdagsdeildir og tvær hálfsdagsdeildir með sveigjanlegri vistun fyrir allt að 132 börn yfir daginn, en að hámarki 88 samtímis. Gert er ráð fyrir 22 stöðugildum við skólann. Framkvæmdum við húsið sjálft er að mestu lokið en ráðgert er að ljúka því sem upp á vantar fyrir sumarið. Þá er gert ráð fyrir að fullbúinni lóð verði skilað á miðju sumri.

Það var í apríl á síðasta ári sem bygging leikskólans var boðin út samkvæmt alútboði. Tilboð voru opnuð 6. júní og reyndist hagstæðasta tilboðið vera frá Eiríki og Einari Val hf. Undirbúningur verksins hófst um miðjan júní og er hönnunar- og framkvæmdatími því alls um níu mánuðir.

Arkitekt hússins er Elísabet Gunnarsdóttir á Ísafirði.

Fyrrum framkvæmdastjóri Bakka Bolungarvík hf., og Bakka í Hnífsdal

Sýknaður af kröfu um ógildingu skiptasamnings

Fyrrum framkvæmdastjóri Bakka Bolungarvík hf., og Bakka í Hnífsdal var á föstudag sýknaður fyrir Héraðsdómi Vestfjarða af kröfum fyrrverandi eiginkonu sinnar þess efnis að fjárskiptasamningur þeirra vegna skilnaðar ásamt viðaukum skyldu lýstir ógildir. Taldi eiginkonan að samningarnir væru ósanngjarnir gagnvart sér og að í hlut hennar hefðu komið minni eignir en í hlut eiginmannsins.

Í fjárskiptasamningi sem hjónin gerðu drög að og lögmaður var fenginn til að ganga frá ásamt viðauka í apríl 1995 er greint að í hlut konunnar komi húseign , bíll, innbú, sex milljónir króna í reiðufé og að hún yfirtaki tvær veðskuldir. Í hlut eiginmannsins komu hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum þeirra. Voru aðilar þá sammála um að með þeirri skiptingu hefði verið stefnt að helmingaskiptum í búi þeirra.

Sumarið eftir tók stefnandi að efast um réttmæti eignaskiptingarinnar, einkanlega að því er varðaði mat hlutabréfanna. Hafði hún þá samband við lögmanninn og krafðist 5 milljóna króna til viðbótar í sinn hlut þar sem hún taldi á sig hallað. Í október sættist eiginmaðurinn á að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni tvær milljónir króna auk skatts ef upphæðin yrðu reiknuð stefnanda til tekjuskatts. Var í samningi um málið, sem taldist hluti af fyrri fjárskiptasamningi, greint að með greiðslunni væri lokið öllum ágreiningi um verðmætamat eigna við fjárskiptin.

Í maí 1996 óskaði konan eftir viðræðum um breytingar á áður gerðu samkomulagi um lífeyrisgreiðslur og gerð nýs fjárskiptasamnings áður en til lögskilnaðar kæmi en haustið áður hafði verið gefið út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng. Var ella hótað málshöfðun sem varð niðurstaðan í október 1996. Í apríl á síðasta ári voru kvaddir til matsmenn til að meta verðmæti hlutafjáreignarinnar í apríl og október 1995 og á matsdegi. Var hún metin á 35,2 milljónir króna í apríl 1995, 84,9-100,3 milljónir í október og rúmar 337 milljónir króna eftir breytingar á eignarhaldi.

Dómurinn mat hreina eign búsins tæpar 43 milljónir króna og að í hlut hvors aðila hefðu því átt að koma um 21,5 milljónir. Hreina eign, sem féll í hlut stefnanda, telur dómurinn vera rúmar 16,2 milljónir og hreinan eignarhlut stefnda rúmar 26,6 milljónir króna. Miðar dómurinn þá við verðmæti hlutafjárins við lægsta verðmat við áðurgreinda matsgerð.

Þá segir í dóminum að með tveggja milljóna króna greiðslu stefnda megi telja að í hlut konunnar hafi komið 43,5% eigna búsins en 56,5% í hlut eiginmannsins. Bent var á að eiginkonan hafi fengið fasteign, bíl og reiðufé í sinn hlut en maðurinn einungis hlutabréf í lokuðum útgerðarfélögum með óvissu á markaðsverði. Þyki því ekki sýnt fram á að samningur þeirra um fjárskipti hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma sem til hans var stofnað.

Dómurinn taldi að stefnandi hefði ekki sýnt fram á að ójöfn staða aðila við samningsgerð, þekkingarskortur, andlegt heilsufar stefnanda eða síðari verðhækkanir á hlutafjáreign stefnda leiði til þess að ógilda skuli samninginn. Stefndi var því sýknaður en honum var gert að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni rúmar 300 þúsund krónur í málskostnað.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Jónas Jóhannsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Helgi V. Jónsson löggiltur endurskoðandi

Starfsmaður Íslandsbanka á Ísafirði

Valinn starfsmaður ársins hjá bankanum

Í nýársteiti Íslandsbanka hf., sem haldið var 16. janúar sl., voru fjórir starfsmenn hans um land allt, valdir starfsmenn bankans fyrir árið 1997. Einn þeirra er starfsmaður Íslandsbanka á Ísafirði, Katrín Skúladóttir, og eru stjórnendur útibúsins og starfsfólk að vonum ánægt með útnefninguna, enda er þetta viðurkenning á því góða starfi sem Katrín hefur skilað í gegnum árin, útibúinu og viðskiptavinum þess til hagsbóta.

Í framangreindu nýársteiti sagði Ásmundur Stefánsson, einn af framkvæmdastjórum bankans m.a. um Katrínu: ,,Katrín Skúladóttir er eitt þeirra traustu andlita sem mæta okkur í framlínu Íslandsbanka. Góð framkoma við viðskiptavinina og fjölþætt þekking, sem hún hefur unnið upp með langri reynslu, veitir henni virðingu og traust. Framtakssemi og vinnusemi einkenna allt hennar starf og undir álagi haggast hún hvergi. Samstarfsfólkið finnur í henni traustan félaga."

Starfsmenn ársins 1997 hjá Íslandsbanka. Bjarni Árnason, sérfræðingur í reikningshaldi, Katrín Skúladóttir frá Íslandsbanka á Ísafirði, Hjördís Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Kringlunni 7 og Einar Pálmi Sigmundsson, sérfræðingur í viðskiptastofu bankans.

Jón Valgeir Guðmundsson og Daði Guðmundsson, létu sig ekki vanta á þorrablótið.

Það gerðu heldur ekki eiginkonur þeirra, systurnarFríða Dagmar og Rannveig Snorradætur.

Bolungarvík

Þrjú hundruð manns á þorrablóti

Rúmlega 300 manns mættu á hið árlega þorrablót Bolvíkinga sem haldið var í 53. skipti í Víkubæ síðastliðið laugardagskvöld. Góður rómur var gerður að skemmtiatriðum sem flutt voru af þorrablótsnefndinni. Á blótinu voru rifjaðir upp atburðir liðins árs á gamansaman hátt auk þess sem þorramatnum voru gerð góð skil. Fjölmargir karlkyns gestir mættu til blótsins í hinum íslenska hátíðarbúningi og allar konur skrýddust íslenska þjóðbúningnum. Ljósmyndari blaðsins kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Þrír hressir með hákarl og sviðakjamma. Magnús Ólafs Hansson, Ágúst Oddsson, læknir og Rúnar Vífilsson.

Bæjarstjórinn í Bolungarvík, Ólafur Kristjánsson var að sjálfsögðu á blótinu og hress að vanda.

Bræðurnir, Guðmundur, Jón Þorgeir og Hrólfur Einarssynir skemmtu sér vel á þorrablótinu.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður.

Góður rómur var gerður að skemmtiatriðum þorrablótsnefndarinnar í ár.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** PIZZA 67

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ❑ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fjarðarstræti 33: 176,5m² einbýlishús á tveimur hæðum. Góður garður. Verð: 8,500,000,-

Góuholt 1: 142m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,600.000,-

Góuholt 3: 140,7m² einbýlishús á einni hæð ´samt bílskúr. Verð: 12,000,000,-

Hafraholt 10: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9,300,000,-

Heiðarbraut 6: 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á eign á Ísafirði möguleg. Verð: 10.700.000,-

Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-

Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 6.500.000,-

Hnífsdalsvegur 13: Einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 5,300.000,-

Kjarrholt 2: 173,6m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð.

Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-

Móholt 9: 152,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Laust 1. feb. ´98. Skipti möguleg. Verð: 11.900.000,-

Seljalandsvegur 4: 276m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 13,500.000,-

Silfurgata 9: 150m² einbýlishús á tveimur hæðum(4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Laus fljótlega. Verð: 7.200.000,-

Sólgata 7: 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-

Sunnuholt 6: 231,7m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 13,500,000,-

Tangagata 6a: 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust. Öll tilboö skoðuð. Verð: 6,800,000.-

Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-

Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Tilboð óskast.

Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlish.á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Tilboð.

Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

Brautarholt 9: 140m² einbýlis-hús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 11,000,000,-

Smiðjugata 9: 95m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5,900.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 15: 140m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 8,500.000-

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-

Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-

Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni möguleg. Verð: 6.500.000,

Fjarðarstræti 6: 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-

Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-

Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-

Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 5.500.000,-

Pólgata 5a: 121m² 4ra herb. íbúð á n.h. í þríb. húsi ásamt helmingi kjallara. Mikið uppgerð. Bílskúr. Verð: 6,800.000-

Pólagata 5a: 127,7m² 5 herb. íbúð á e.h. í þríb.húsi ásamt helmingi kjallara. Verð: 6,000.000,-

Sólgata 5: 102m² 6 herb. íbúð á 2 hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5,000,000,-

Stórholt 11: 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-

Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð:7.900.000,-

Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgert. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6,900,000,-

3ja herbergja íbúðir

Brunngata 12a: 68m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 3,000.000,-

Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmáluð. Verð: 4.600.000,-

Pólgata 6: 52m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3,900,000,-

Sólgata 8: 80m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Verð: 6,000.000,-

Stórholt 7: 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5,300,000,-

Stórholt 7: 74,6m² íbúð á fyrstu hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4,800,000,-

Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

Stórholt 13: 79,2m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu á jarðhæð. Verð: 6,000.000,-

*** Urðarvegur 78:** 97,8m² íbúð í mjög góðu standi á 3. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6,900.000.-

Urðarvegur 78: 99,1m² íbúð í mjög góðu standi á 2. hæð t.v. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Verð: 7,000.000.-

Urðarvegur 80: 82m² íbúð á jarðhæð fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.000.000,-

2ja herbergja íbúðir

*** Aðalstræti 24:** Tvær 70m² íbúðir í smíðum á 2. hæð. Tilbúnar í vor. Tilboð.

Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-

Túngata 20: 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-

Túngata 20: 53,4m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan4,500,000,-

Urðarvegur 78: 73,2m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu . Verð: 5,400.000,-

Hlíf II: 62,5m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6,600,000,-

Aðalstræti 15: 98,6m² íbúð á tveimur hæðum í fjórbýlishúsi. Húsið er nýmálað og nýtt þak. Verð: 4,500.000,-

Hálfdán Gíslason kjörinn íþróttamaður ársins 1997 í Bolungarvík

Prúðmennið sem breytist í hvirfilvind á vellinum

Hálfdán Gíslason tekur við bikarnum úr hendi Ásgeirs Þórs Jónssonar, forseta bæjarstjórnar Bolungarvíkur.

Hálfdán Gíslason, knattspyrnumaður með meistaraflokki UMFB var kjörinn íþróttamaður ársins í Bolungarvík fyrir árið 1997. Útnefning íþróttamanns ársins fór fram í veitingahúsinu Finnabæ í Bolungarvík á laugardag og var þar samankomin fríður hópur íþróttafólks á staðnum auk velunnarra og annarra gesta. Auk Hálfdáns fengu fjórtán aðrir íþróttamenn viðurkenningu fyrir góðan árangur á síðasta ári sem og þrír þjálfarar sem þóttu hafa staðið sig vel. Auk Hálfdáns fengu viðurkenningu knattspyrnumennirnir Pétur Geir Svavarsson og Rúnar Geir Guðmundsson, golfararnir Jóhann Orri Jóhannsson, Hjörleifur Guðfinnsson og Unnsteinn Sigurjónsson og sundfólkið Sigurður Kjartan Hálfdánarson, Karl Fannar Gunnarsson, Dóra Guðmundsdóttir, Ágúst Hrólfsson og Svala Sif Sigurgeirsdóttir. Þá fengu hestamennirnir Svala Björk Einarsdóttir, Guðmundur Bjarni Jónsson, Jón Guðni Guðmundsson og Jóhann Bragason viðurkenningu og þjálfararnir Sveinbjörn Ragnarsson, Elínbet Rögnvaldsdóttir og Sesselja Ólafsdóttir.

Í ávarpi sem Ásgeir Þór Jónsson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur flutti í hófinu sagði hann m.a. um íþróttamann ársins í Bolungarvík: ,,Félagar Hálfdáns segja að hann sé mikill keppnismaður og gefist aldrei upp. Hann spili vel með liðsheildinni og sé góður félagi, jafnt innan vallar sem utan. Hálfdán þykir mikið prúðmenni, en félagar hans segja að þegar inn á völlinn sé komið breytist hann í hvirfilvind sem andstæðingarnir hafi enga stjórn á. Þó má ekki skilja þetta sem svo að hann látið skapið hlaupa með sig í gönur, heldur að kraftur hans og úthald inni á vellinum þyki með ólíkindum. Hálfdán hefur í gegnum tíðina stundað margar íþróttir og alltaf náð góðum árangri í þeim öllum. Má þar t.d. nefna utan fótboltans, sund, körfubolta, handbolta og skíði. Aðeins sex ára vann hann í svigi og stórsvigi á skíðum 8 ára og yngri, en æfði þó aldrei skíði. Á aldrinum 6-7 ára byrjaði hann að æfa sund og árið 1989 setti hann fjölda Íslandsmeta. Í sundlauginni á Tálknafirði setti hann Íslandsmet í 400 metra skriðsundi hnokka, en það var einnig fyrsta Íslandsmetið sem sett var í þeirri laug. Þá setti hann einnig Íslandsmet í 100 metra flugsundi hnokka. Á Akureyri sama ár setti hann Íslandsmet í 200 metra og 800 metra skriðsundi og enn einu metinu bætti hann við í Mosfellssveit.

Hálfdán skoraði flest mörk á Íslandi í deildarkeppninni í sumar. Og ekki er nóg með það, heldur skoraði hann ellefu mörk í einum leik, sem er Íslandsmet. Hálfdán hefur sýnt það í sumar að hann er sífellt að bæta sig eins og atorka hans og eljusemi bera glöggt vitni um. Hálfdán var valinn til að leika í unglingalandsliði Íslands U18, en hann æfði með liðinu nokkuð reglulega í sumar og lék síðan með því tvo leiki erlendis. Vegna sinnar frábæru frammistöðu hafa úrvalsdeildarlið á Íslandi verið að gera hosur sínar grænar fyrir honum. Nú er hann kominn til Akranes og mun spila með ÍA. Mér skilst að þriggja ára samningur liggi á borðinu og bíði eftir hans undirskrift þegar hann kemur suður. Bolvíkingar fyllast allir stolti að eiga mann sem mun spila með fremsta fótboltaliði landsins," sagði Ásgeir Þór. Sjá einnig viðtal við Hálfdán Gíslason á bls. 10.

Hálfdán Gíslason, íþróttamaður ársins í Bolungarvík.

Hálfdán ásamt foreldrum sínum, Gísla Helgasyni og Sigríði Hálfdánsdóttur.

Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík skrifar:

Smásagnahöfundurinn Kristinn H. Gunnarsson

Kristinn H. Gunnarsson, virðist - eftir að hann hefur upplýst að hann ætli að draga sig í hlé frá bæjarmálum - ætla að snúa sér að ritstörfum. Fyrsta smásaga hans birtist í Bæjarins besta 21. janúar 1998 og ber heitið ,,Ólafur í Undralandi".

Aðal persónan í sögunni er bæjarstjórinn í Undralandi, hinn versti skúrkur, sem hefur á síðustu 32 árum unnið hvert óþurftarverkið af öðru.

Óþurftarverkin

Ekki hefur sagnahöfundurinn fyrir því að tilgreina óþurftarverk þau sem ábyrgir bæjarstjórnarmenn hafa verið að vinna síðustu árin, enda betra að vera með órökstuddar fullyrðingar og láta lesendur geta í eyðurnar.

Þetta er kallað pólitík á fínu máli.

Þekkingarleysi þingmannsins á atvinnusögu Vestfjarða

Þá er svo komið að mati smásaganahöfundarins, ,,að ekki sé hægt að vinna fleiri óþurftarverk" og ,,líklega aldrei á þessari öld atvinnumálum verið verr komið".

Vonandi þekkja aðrir þingmenn Vestfjarða betur til atvinnusögunnar og þeirrar hörðu baráttu sem Vestfirðingar hafa ávallt þurft að heyja sér og sínum til framfærslu, menntunar og atvinnuöryggis.

Gera verður þá kröfu til þingmanna að þeir leggi það á sig að lesa sér til um fortíðina, þannig að þeir geti fordómalaust skilið samtímann og tekist á við framtíðina á vitrænan hátt.

Þingmaðurinn þarf ekki að skammast sín fyrir að hafa viljað selja

Nú er söguþráðurinn í smásögunni: Ólafur í Undralandi, nokkuð ruglingslegur, enda um frumsmíð að ræða hjá Kristni.

Þó má skilja - eftir að hafa lesið vel yfir - að sagan eigi m.a. að hvítþvo alþingismanninn frá því að hafa samþykkt að selja hlutabréf bæjarsjóðs Bolungarvíkur í Ósvör hf. vorið 1995. Það er einfaldlega ósannindi að halda því fram," segir í sögunni.

Á bæjarstjórnarfundi sem haldinn var 10. mars 1995 var eitt mál á dagskrá:

Kauptilboð í hlutafjáreign bæjarsjóðs Bolungarvíkur í Ósvör hf.

Eftir umræðu um málið leggur Jóhann Hannibalsson, framsóknarflokki, fram eftirfarandi tillögu:

,,Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkir að leita eftir tilboðum í hlutabréf bæjarsjóðs Bolungarvíkur í Ósvör hf. Hlutabréfin verði seld hæstbjóðendum. Bæjarstjóra verði falið að auglýsa hlutabréfin til sölu".

Þessa tillögu studdi Kristinn H. Gunnarsson.

Með öðrum orðum; ekki var fallist á það af hans hálfu að ganga að kauptilboði Aðalbjarnar Jóakimssonar heldur skyldi selja einhverjum öðrum. Vissulega verður að virða þá eðlilegu afstöðu að reynt væri að fá sem hæst verð fyrir bréfin. En fleira þarf að athuga. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks töldu eðlilegt að vita hver kaupandinn væri, jafnframt því að vita um væntanleg áform hans, því væri ekki skynsamlegt að styðja tillögu Jóhanns.

Kristinn þarf ekki að skammast sín fyrir að vilja selja hlutabréfin. Hann vissi eins og aðrir að blikur voru á lofti þegar þessi ákvörðun var tekin.

Kristallskúlan

Smásagnahöfundurinn heldur því réttilega fram að verðmæti kvóta hafi aukist verulega frá því að hlutabréfin voru seld. Hér komum við einmitt að einum óráðnasta þætti skynsamlegrar stjórnunar útgerðarfyrirtækja. Arðsemi útgerðarfyrirtækja í dag byggir ekki á eðlilegu rekstrarumhverfi. Afkoma þeirra er fremur háð stjórnvaldsaðgerðum og kvótabraski. Að halda því fram að menn hafi séð fyrir þá gífurlegu hækkun kvóta sem síðar varð er hreinn barnaskapur. Skelfilegar afglapar eru þá fjárfestar á Íslandi - fyrst þetta var vitað - að hafa ekki fjárfest í svo auðfengnum og skjótum gróða og lýst er. Erfitt er að skilja hvernig hægt er samtímis að ráðast í - eins og Kristinn segir ,,að byggja upp fiskvinnslu í stíl stóru frystihúsanna" þar sem hallarekstur nemur hundruðum milljóna króna, en fara samt út úr fyrirtækinu með hundruð milljóna gróða.

Húsnæði Þorbjarnar hf., í Bolungarvík, áður Bakka og þar áður Ósvarar.

Nú getur það verið að Kristinn hafi og eigi kristallskúlu sem hann getur horft í og séð til framtíðarinnar. Þá getum við vonandi fengið upplýsingar hjá honum um kvótaverð næstu ára, fengið að vita fyrirfram hvaða tölur koma upp í Lottóinu eða happdrættum og svo framvegis.

Hins vegar er ég ekki viss um að rekstaráætlanir fyrirtækja þyki gjaldgengar í lánsstofnunum og sjóðum, ef tekjuáætlun er að stórum hluta byggð á hugsanlegum ímynduðum eða væntanlegum hækkunum, sem kæmu í kjölfar stjórnvaldsákvarðanna.

Áfall við ótímabært gjaldþrot EG fyrirtækja

Bolvíkingar urðu fyrir miklu áfalli við ótímabært gjaldþrot EG, sem hryggði flesta Bolvíkinga, þó ekki alla, og var því óspart haldið á lofti að gott væri að losna við þessa menn úr starfi og stjórnun.Til að forðast atvinnuhrun og búseturöskun var undir forystu bæjarstjórans í Bolungarvík, (Undralandi Kristins) og hans félaga í bæjarstjórn gengið til þess að stofna útgerðarfélagið Ósvör hf.

Fyrirtækið Þuríður hf. hóf rekstur í kjölfar gjaldþrotsins og með starfsemi Ósvarar hf. og annarra fyrirtækja í Bolungarvík svo sem fiskvinnslu sem Ketill Helgason veitti forstöðu, fiskvinnslu Jakobs Valgeirs, og fleiri fyrirtækja var komið veg fyrir fólksflótta og algjört hrun í Bolungarvík.

Slæm fjárhagsstaða og rekstrarerfiðleikar

Á haustdögum 1994 og byrjun ársins 1995 var nokkuð ljóst að staða Þuríðar hf var erfið, ráðast þurfti í fjárfrekar framkvæmdir til að viðhalda vinnsluleyfi og taprekstur var á útgerðarfélaginu Ósvör hf.

Stjórnendum þessara fyrirtækja tókst ekki, þrátt fyrir góðan vilja, að auka hlutafé eða vekja upp áhuga fjárfesta. Í árshlutareikningi Ósvarar hf. fyrir sept. 1994 til maí 1995 kemur m.a. fram, að leigður var kvóti fyrir 59 milljónir, langtímaskuldir voru 643.4 milljónir króna skammtímaskuldir 237.2 m.kr. mínus næsta árs afborganir, eða skuldir alls 781.4 m.kr. Þá segir í áritun löggilts endurskoðanda fyrir þetta tímabil: **"Í lok maí 1995 er veltufjárstaða félagins neikvæð um 157.5 millj. kr. og veldur sú slæma staða óvissu um rekstrarforsendur félagins en í reikningsskilunum er gert ráð fyrir að um áframhaldandi rekstur verði að ræða"**

Á þessum tíma er hlutafé fyrirtækisins aðeins um 80 milljónir króna. Bæjarsjóður átti þar 35.7 milljónir auk þess að bæjarsjóður hafði lánað fyrirtækinu 22 milljónir króna til að standa skil á gjaldföllnum lánum.

Áfall útgerðar Ósvarar hf

Í árslok 1994 verður Ósvör hf. fyrir því áfalli að aðalvél Dagrúnar bilar.

Framtíðin var því ekki björt. Hvað var til ráða ? Samþykkt var að stefnt skyldi að stækkun og breytingu Dagrúnar samkvæmt tillögum og hugmyndum frá Skipatækni hf. Reykjavík. Til að þessi áform yrðu að veruleika varð að fá heimild til veðflutninga og taka að láni 265 - 280 milljónir króna.

Rétt er og að geta þess að uppi voru miklar efasemdir um að rétt væri að breyta þessu 20 ára gömlu skipi svo sem stefnt var að.

Nokkuð var ljóst af viðræðum við lánasjóði og veðhafa að þeir voru ekki tilbúnir að veita fyrirgreiðslu né lán til téðra breytinga án þess að til kæmu traustari tryggingar.

Ólafur Kristjánsson.

Lokun atvinnufyrirtækja

Þeir sem vel til þekkja vita að fyrirtækið Þuríður hf stóð um þessar mundir á barmi gjaldþrots. Ósvör hf. gat ekki haldið áfram starfsemi við óbreyttar aðstæður og mikil áhætta fólgin í aukinni skuldsetningu.

Sennilega hefði þurft að selja Heiðrúnu til að ná ætluðum áformum um breytingu á Dagrúnu og fyrirtækið því staðið uppi með einn frystitogara, sem hefði ekki skilað hráefni til vinnslu í landi. Starfsöryggi landverkafólks var í hættu og störf til sjós því af hálfu Ósvarar hf. aðeins bundin við áhöfn eins frysti-

Badmintonmeistarar TBÍ , Stefán Tryggvason og Sveinn Ingi Guðbjörnsson.

Badminton

Sveinn Ingi og Stefán sigruðu

Fyrir stuttu efndi Tennis- og badmintonfélag Ísafjarðar til badmintonmóts í tvímenningi. Tólf lið mættu til keppni og voru þátttakendur frá Ísafirði, Þingeyri, Súðavík og Bolungarvík.

Keppt var í tveimur flokkum. Í A-flokki sigruðu þeir Sveinn Ingi Guðbjörnsson og Stefán Tryggvason og í B-flokki sigurðu þeir Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Helgi Pétur Guðjónsson frá Bolungarvík. Keppt var um verðlaun sem styrktaraðili mótsins, Íshúsfélag Ísfirðinga hf., gaf.

ÁFRAM KFÍ!

Pantið tímanlega á leikinn í Laugardalshöllinni Hræódýrir helgarpakkar

Alla daga með 46 sæta ATR vél

ÍSLANDSFLUG
-gerir fleirum fært að fljúga

Hafnarstræti 7, Ísafirði, sími 456 4150

Gestir á Sunnukórsballinu njóta þeirra veitinga sem í boði voru.

Sunnkórsballið

Snittur, pönnukökur, söngur og dans

Hið árlega Sunnukórsball fór fram í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. Líkt og undanfarin ár var ballið vel sótt og þótti það takast hið besta. Fjölmargt var til skemmtunar á hátíðinni, fjöldasöngur, skemmtiatriði, söngur Sunnukórsins auk þess sem gestir nutu léttra veitinga á borð við snittur og pönnukökur.

Að skemmtiatriðum loknum var stiginn dans fram eftir nóttu. Sunnukórinn var 64 ára á sunnudag og hefur Sunnukórsballið verið nær árlegur viðburður síðan. Gestir skörtuðu sínu fegursta og nutu ánægjulegrar kvöldstundar er ljósmyndari blaðsins leit þar inn á laugardagskvöldinu.

Jens Kristmannsson og Guðmundur Marinósson voru á meðal gesta á Sunnukórsballinu.

Þar voru einnig þeir Eiríkur Böðvarsson og Elvar Bæringsson.

Og Halldóra Jónsdóttir, kona Eiríks og Örn Ingólfsson framkvæmdastjóri.

Sigrún Jóhannsdóttir, Gunnar Pétursson og Sigríður Sigurðardóttir njóta léttra veitinga.

togara og skrifstofufólks í landi.

Sýn bæjarfulltrúa

Sýn bæjarstjórans í Undralandi og hans félaga var því þessi: Til að tryggja atvinnuöryggi og áframhaldandi framþróun yrði að koma til nýtt fjármagn inn í byggðarlagið.

Forðast varð annað meira og stærra áfall en áður hafði yfir dunið. Hugsanleg lokun stærsta vinnustaðar landverkafólks, fráhvarf Dagrúnar frá veiðum við breytingar og síðan vinnsla meirihluta aflans á sjó var ekki glæsileg framtíðarsýn.Við þessar aðstæður fóru því fram af hálfu bæjarstjórnar Bolungarvíkur viðræður við fjölmörg fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum um samstarf eða samruna. Þær viðræður báru því miður ekki árangur. Flestum viðmælenda okkar leist ekki á kröfur bæjarstjórnar né stöðu Ósvarar hf.

Fyrirtækið Bakki hf. Bolungarvík

Bæjarstjórinn í Undralandi heldur því óhikað fram að samruni fyrirtækja í Bolungarvík og Hnífsdal, svo sem síðar varð, með fyrirtækinu Bakka hf. Bolungarvík hafi skipt sköpum fyrir byggðarlagið. Bjartsýni ríkti í hugum manna, og tekjur jukust jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum og bæjarsjóði.

Fyrirtækið Bakki hf. réðist í umfangsmiklar breytingar á frystihúsinu í Bolungarvík svo það er orðið eitt fullkomnasta frystihús landsins. Gengið var af miklum krafti í að finna markað fyrir fullunna vöru erlendis, Dagrúnu, sem bundin hafði verið bryggju mánuðum saman, var komið á flot, rækjuvinnsla stóraukinn og s. frv.

Sameining Bakka hf, Bolungarvík og Þorbjörns hf. Grindavík

Ekki get ég neitað því, að það hryggði mig aðAðalbjörn Jóakimsson skyldi ekki lengur verða við stjórnvölinn hér í Bolungarvík.

Hinir nýju stjórnendur hafa verið boðnir velkomnir til starfa, bæði af bæjarstjórnarmönnum, hluthöfum og starfsfólki. Þeir vita að við væntum mikils af þeim. Þó er ósköp eðlilegt að við sameiningu þessara fyrirtækja velti fólk fyrir sér framtíðinni.

Í fréttatilkynningu fyrirtækjanna við þennan gjörning er m.a. sagt frá því að ,,hið sameinaða fyrirtæki stefni að því að halda áfram öflugum rekstri í Bolungarvík og Grindavík, áfram verði bolfiskvinnsla í frystihúsinu í Bolungarvík, og þar framleiddir fiskbitar í neytendapakkningar". Ég vona að gefin fyrirheit verði að veruleika.

Ef ekki á að leggja landsbyggðina í rúst verður að skapa fiskvinnslunni þau rekstrarskilyrði að hagnaður verði af rekstrinum, en taprekstur fiskvinnslu er einn versti óvinur landsbyggðarinnar.

Stjórnendur hins nýja sameinaða fyrirtækis verða að fá tíma til að móta framtíðarstefnu þess og vona ég að innan ekki langs tíma verði frekari áform þeirra kunngerð Bolvíkingum.

Veit þingmaðurinn ekki hvað er að gerast í Bolungarvík?

Það verða að teljast kaldar kveðjur til þeirra sem hér vilja áfram berjast fyrir góðu mannlífi og atvinnuöryggi að halda því fram að" líklega hafi staða atvinnumála ekki verið verr komið á þessari öld" í Bolungarvík.

Veit þingmaðurinn ekki að verið er að kaupa fjölda smábáta til Bolungarvíkur. Í loðnuverksmiðjunni Gná hf, er verið að ljúka við framkvæmdir fyrir hátt í 300 milljónir króna. Stutt er síðan dugnaðarforkurinn Jón Guðbjartsson, stækkaði skip sitt, Ketill Helgason siglir hraðbyr í atvinnumálum og fleiri eru með hugleiðingar í fjárfestingum atvinnulífsins.

Ógæfa Vestfirðinga

Það verður að teljast mikil ógæfa fyrir Vestfirðinga að eiga á alþingi talsmann sem lýsir sinni byggð svo sem Kristinn H. Gunnarsson gerir.

Maður skildi halda að fólk telji þingmenn almennt reyna að taka málefnalega á málum, þvífrásögn þeirra er meira metin en mannsins á götuhorninu.

Það er því í alla staði skaðlegt fyrir Bolungarvík og næstu framtíð að bera þannig út stjórnendur byggðarlagsins, og samborgara sína, að vart sé hægt að vinna þar fleiri óþurftarverk en til þessa hafa verið unnin, og efasemdir séu uppi um að bæjarstjórinn ,,sé með réttu ráði".

Falskur tónn

Svo undarlega bregður við í lokakafla smásögunnar, að fram kemur "að nú sé þörf á að menn setji niður deilur í bæjarfélaginu og snúi bökum saman..."

Skildi nú þessi dæmalausa smásaga vera skrifuð til þess að sætta menn, og koma í veg fyrir flokkadrætti? Getur verið að smásgnahöfundurinn telji að með þessum skrifum sínum geti hann komið fleyg á milli manna? Getur nokkur maður litið svo á að nú sé verið að bera klæði á vopnin?

Framtíðin

Framtíð Bolungarvíkur byggir ekki á því hvort rétt var að selja eða selja ekki hlutabréfin í Ósvör hf.. Þeir sem endalaust vilja rífast um það skaða aðeins byggðarlagið.

Við þurfum sterka málsvara, sem vel þekkja til í stjórnkerfinu, eiga góðan aðgang að ráðmönnum þjóðarinnar, málsvara sem þekkja vel til sögunnar og nota rök en ekki fordóma máli sínu til stuðnings.

Þar sem ég hef í nógu að snúast þessa daganna og lítill tími til í ritdóma geri ég Kristni H. Gunnarssyni tilboð sem hann getur ekki hafnað. Hann hætti að segja og skrifa skröksögur um mig, þá skal ég hætta að segja sannleikann um hann.

Að lokum þakka ég honum fyrir þetta tækifæri sem mér gafst til skrifa, og það að stuðningsmannahópur minn vex við hverja vanvirðingu sem hann sendir mér.

Ég óska honum svo góðs á sviði smásagna, og vona að frami hans og þroski verði þar meiri en hingað til hefur verið á hinu mannlega og pólitíska sviði.

-Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Undralandi, Bolungarvík.

Auglýsingasíminn er 456 4560

Dísa Þorste

– konan bak við

Það var gott kaffi og gott með kaffinu hjá Herdísi Þorsteinsdóttur og Hauki Eggertssyni á Urðarveginum á Ísafirði. Kaffið var frá Castró, kaffi sem vinkona þeirra hafði fært þeim alla leið frá Kúbu (má alls ekki rugla saman við Café Castro, samkomustað Vinstrimannafélagsins í Framhaldsskóla Vestfjarða). Kaffið á Kúbu er svo gott, að meira að segja sjálfur páfinn er farinn að skreppa þangað til að fá sér tíu dropa. Það allra besta af meðlætinu hennar Dísu var brauð með áleggi og undirritaður hafði orð á því, að hann hefði aldrei bragðað svona góðan lax. Enda kom í ljós að þetta var alls ekki neinn lax, heldur birkireyktur regnbogasilungur frá Magnúsi Kr. Guðmundssyni á Tálknafirði.

Herdís Þorsteinsdóttir hefur atvinnu af því að tala. Hún hefur unnið á loftskeytastöðinni og símanum í nærri áratug. Og þegar hún byrjaði einnig að lesa auglýsingar í Svæðisútvarp Vestfjarða litlu síðar var það kunnur ónefndur borgari á Ísafirði sem skaut því að henni, að hún þyrfti nú ekki að tala í útvarpið til þess að heyrðist um alla Vestfirði. Hún gæti bara verið á Silfurtorginu...

– Þú segir að þú hafir ekki fengið laun fyrir annað en að tala síðasta áratuginn eða svo...

„Já, haustið 1989 fór ég að vinna á Loftskeytastöðinni á Ísafirði og jafnframt á Landssímanum, sem var tengdur inn til okkar á nóttunni. Þá sagði bóndi minn: Þar kom að því að hún fékk borgað fyrir að tala, konan! Síðan starfaði ég á loftskeytastöðinni alveg þangað til í sumar, þegar næturvörun þar var lögð niður og flutt til Siglufjarðar. Þá var leitað leiða til þess að útvega okkur, sem höfðum unnið við þetta og misstum þessa vinnu, eitthvað að gera í staðinn. Þá var komið hér upp tölvutengingu fyrir upplýsingasímann 118, þar sem svarað er fyrir allt landið. Einnig er svarað í 118 á Akureyri og Egilsstöðum, ef ég man rétt, en flestar tölvurnar eru í Reykjavík. Nú eru aðeins tvær konur eftir á Loftskeytastöðinni hér. Þær vinna bara á dagvöktum og sinna ritsímanum um helgar þegar þörf krefur. Þar getur verið mikið að gera þegar eru almennilegar jarðarfarir og mikið berst af skeytum.“

– Þannig að þegar hringt er í 118, þá ræður tilviljun hvort svarað er fyrir sunnan, vestan, norðan eða austan...

„Já, einmitt. Nema á nóttunni er það bara í Reykjavík og hér á Ísafirði. Ég var ánægð með að halda næturvinnunni áfram, því að ég kann vel við að vaka á nóttunni. Við erum tvær sem skiptumst á að vera á næturvöktum á 118 hér á Ísafirði, en að auki eru þrjár sem vinna á daginn. Stundum kemur líka fyrir að ég þarf að taka dagvaktir.“

Ekki gleyma múskatinu!

– Vill fólk ekki stundum fá upplýsingar um fleira en símanúmer?

„Jú, það er orð að sönnu. Okkur var sagt það í upphafi, að maður gæti átt von á ótrúlegustu spurningum, og það var ekki ofsagt. Það er verst að maður má eiginlega ekki segja frá því í neinum smáatriðum, því að við erum bundnar þagnarskyldu. En ég má nú samt segja frá því, að ég var alltaf að bíða eftir því að verða beðin um uppskrift. Núna fyrir jólin kom loksins að því. Þá var ég spurð hvernig ætti að búa til uppstú. Það var karlmaður og eina erindið var að fá að vita hvernig hann ætti að búa til uppstú með hangikjötinu. Hann fékk uppskriftina, enda lenti hann á konu sem er húsmæðraskólagengin! Ég brýndi sérstaklega fyrir honum að gleyma nú ekki múskatinu.

– Þetta var gott að heyra. Ekki vissi ég að það ætti að vera múskat í uppstúi.

„Fyrir jólin fór síðan að rigna yfir okkur fyrirspurnum um heimilisföng, því að þá voru allir að senda jólakort. En stundum hringir fólk bara til að tala, en ekki til að spyrja um símanúmer eða neitt annað.“

– Þið eruð þá eins konar sálusorgarar...

„Það er nokkuð til í því. En auðvitað höfum við yfirleitt ekki mikinn tíma til að spjalla, nema helst á nóttunni. Þá leyfir maður sér stöku sinnum að tala eitthvað lengur en venjulega. Það er ljóst að fólk er oft í margs konar sálarkreppum, og oft í glasi. Lífið er bara svona. Þetta er svo handhægt númer að hringja í! En skemmtilegast er að fá upphringingar frá vandræðalegum karlmönnum, sem hafa gleymt númerinu á sínum eigin farsíma. Fólk er svo heiðarlegt, að það segir okkur yfirleitt hvers vegna það er að spyrja um það sem það spyr um. Á nóttunni er mjög mikið spurt um pizzastaðina.“

– Er nokkuð spurt um „góða“ leigubíla?

„Það þýðir ekki. Við vitum ekkert um slíkt.“

– Eða jafnvel einhverja aðra sérstaka þjónustu...?

„Það er vissulega spurt um allt mögulegt, í alvöru talað. En við getum náttúrlega yfirleitt ekki veitt aðrar upplýsingar en þær sem tölvan gefur okkur upp. Nema kannski uppskriftir!“

Rödd í Svæðisútvarpinu

– Þú ert líka rödd í Svæðisútvarpi Vestfjarða...

„Þar fór ég að vinna ári seinna, eða haustið 1990. Um þetta leyti var ég á lokasprettinum í öldungadeildinni í Menntaskólanum á Ísafirði. Það var ágætt að vinna svona vinnu með. Þetta var ekki svo mikið. Ég var þá í hálfu starfi á loftskeytastöðinni og fór svo jafnframt í hlutastarf á útvarpinu. Þetta kom ekkert niður á náminu, nema síður væri. Á útvarpinu er ég aðeins þrjá tíma á dag þá þrjá daga í viku sem útsending er og var bara ráðin til að lesa auglýsingar, svara í síma og vera til aðstoðar þegar fólk er að koma, þegar mesta stressið er fyrir útsendingu.

– Þú nefndir öldungadeildina. Þar var mikill kvennablómi og er enn...

„Já, við vorum nokkuð margar konurnar og örfáir karlar líka sem byrjuðum. En við vorum ellefu konur sem héldum okkar striki alla leið og útskrifuðumst með stúdentspróf.“

– Þið hafið bitið af ykkur alla karlana...

„Þeir tíndust af okkur einn af öðrum. Einn var nú þaulsætnastur, en svo fluttist hann suður.“

– Hvað er það sérkennilegasta sem þú hefur að minnast frá auglýsingalestrinum á liðnum árum?

„Það er kannski helst þegar ég lenti í því að lesa auglýsingar á útlensku. Eitt sinn þurfti ég að lesa á ensku auglýsingar um verkfallsboðun, sem ætlað var að ná eyrum erlends verkafólks hér vestra. Það var töluvert mál að æfa framburðinn, svo að hann yrði sem vandaðastur. Finnbogi og aðrir komu að því máli með mér, og síðan var lesturinn tekinn upp á band, sem ennþá er geymt í hinu ómetanlega safni Ríkisútvarpsins á Ísafirði.“

hí-ún-dæ

– Til þess að hægt verði að nota það við verkfallsboðanir fyrir útlendinga hér um alla framtíð...

„Nei, til þess að hægt sé að nota það sem skemmtiatriði á árshátíðum Ríkisútvarpsins. Það eru einna helst útlendu orðin, sem geta verið dálítið vandamál í auglýsingalestrinum. Ég man

eins

röddina

Starfsstúlkur í eldhúsi H.Í. skrifa

„Sá veldur sem á heldur"

Okkur starfsstúlkum í eldhúsi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, langar að koma á framfæri eftirfarandi vegna viðtals við Guðjón Brjánsson framkvæmdastjóra í síðasta B.B.

Þar sem í allri umræðunni um deiluna við starfsfólk í eldhús, hefur Guðjóni láðst að taka fram að það er áætlað að bæta á starfsfólkið 50% ræstingastöðu.

Það kýs hann að kalla að færa vinnuvenjur til eðlilegs horfs og jafna vinnuálag.

Í desember sl. vorum við kallaðar á fund hjá stjórnendum H.Í og tilkynnt um þessar breytingar.

Við mótmæltum allar, enda þessar tillögur illa útfærðar!

Þá sagði Guðjón: „Þið fáið það sem kemur."

Hann stóð við sitt blessaður og sendi okkur nýárskveðju þann 1. janúar í formi uppsagnabréfs.

Í greininni segir Guðjón: „Allir sem kæra sig um að vinna hjá okkar góðu stofnun fá það áfram."

Við höfum þegar afþakkað það boð og fórum fram á að losna sem fyrst.

Okkur þykir leitt að það orðspor fari af H.Í að þar sé sífelldur ófriður. Við munum ganga út úr þessari deilu og leita á ný mið.

Stjórnendum H.Í bendum við á, hvort ekki sé hægt fá eitthvað við því að lægja ófriðinn. Kannski námskeið í mannlegum samskiptum komi að einhverju gagni.

Með ósk um velfarnað í framtíðini.

Starfsstúlkur í eldhúsi.

þegar ein ágæt verslun hér í bæ þurfti að auglýsa Hyundai-tölvur, sem þá voru alveg nýjar á markaðnum hérlendis. Ég hringdi í verslunina og spurði hvernig ég ætti að bera þetta fram, en þar vafðist það líka eitthvað fyrir mönnum, svo að það varð að samkomulagi að ég læsi þetta bara eins og það kæmi af skepnunni. Ég vandaði mig mikið, beit nafnið í sundur á tveimur stöðum og sagði hí-ún-dæ. Þeir sem borguðu auglýsinguna hlógu mest. Nú er þetta borið allt öðruvísi fram."

– Þú ert með næstlengstan starfsaldur á Svæðisútvarpi Vestfjarða, næst á eftir sjálfum Finnboga Hermannssyni...

„Já. Það fer vel á því, vegna þess að við Finnbogi erum nú bæði af Njálsgötunni í Reykjavík."

– Þú líka af Njálsgötunni?

„Já. Ég var þar til tíu ára aldurs, en þá fluttumst við hingað að Djúpi."

– Bjóstu kannski við hliðina á Finnboga?

„Nei, ég var á númer 52 en hann var töluvert nær Þjóðviljanum!"

Svolítill kvíði til bóta

– Þegar þú lest auglýsingar í útvarpið ertu ýmist á bandi eða í beinni útsendingu. Ertu með nokkurn sviðsskrekk þegar þú ert í beinni?

„Nei. Ég var það aðeins fyrst. Líklega hefur það ekki heyrst á lestrinum, en hjartað sló afskaplega hratt. Sennilega hefur það hjálpað mér, að á loftskeytastöðinni las ég alltaf veðurlýsingar, stormviðvaranir og veðurspár í beinni útsendingu, þannig að ég var vön því að vera í loftinu. Kannski gerði ég mér ekki alveg grein fyrir því hversu margir hlustuðu á þann lestur, líklega sem betur fer. En ég held því fram að það sé að sumu leyti betra að vera dálítið kvíðinn fyrir beinni útsendingu. Þá vandar maður sig meira og gerir hlutina líklega betur. Þegar við erum með okkar árlega páskaútvarp í dymbilvikunni er allt í beinni útsendingu. Þá er meiri tími til ráðstöfunar og ekki eins nauðsynlegt að binda sig við ákveðinn mínútufjölda í hverju atriði. Það hefur gengið ágætlega."

– Nú þegar farið er að fjarstýra loftskeytastöðinni hér að hluta , er þá ekki nokkur sjónarsviptir eða öllu heldur heyrnarsviptir að sjómönnunum?

„Jú, ég sakna loftskeytastöðvarinnar töluvert mikið. Mér fannst mjög gaman að vinna þar. En maður hefur fremur lítið heyrt frá sjómönnunum að þeir sakni okkar. Sennilega söknum við þeirra meira!"

– Í hverju voru þau samskipti fólgin?

„Það er fyrst og fremst tilkynningaskyldan en síðan er þetta líka neyðarþjónusta. Maður sat við tækin og hlustaði eftir neyðarkalli eða óskum um einhverja aðstoð, læknishjálp eða annað. Síðan afgreiddum við samtöl og skeyti. Fyrst eftir að ég byrjaði vorum við töluvert með Norsara, sem sendu tilkynningar úr grænlenskri landhelgi og við þurftum síðan að senda áfram fyrir þá. Það sem gjörbreytti þessu starfi var tilkoma farsímans. Hann tók af okkur að mestu afgreiðslu símtala, þar sem hann náðist á annað borð. En það var alltaf gaman að tala við sjómennina. Það var miklu fjölbreytilegra en að sitja við tölvuna á 118."

– Þegar hringt er í 118 og beðið um upplýsingar, hvernig getið þið verið svona fljótar að svara?

„Það er tölvan! Við getum slegið inn margvíslegar upplýsingar til þess að fá aðrar. Nú eru margir komnir með símnúmarabirta og þá er mikið um að spurt sé hver hafi hitt eða þetta númerið. Þá sláum við númerið inn og allar upplýsingar koma á skjáinn. Einnig getum við slegið inn nafn eða heimilisfang eða kennitölu.Við verðum að gæta þess vel að tölvan er mjög nákvæm í stafsetningu. Þar má engu skeika. Hins vegar er oft nóg að slá inn örfáa fyrstu stafi nafnanna og það skýrir að nokkru hvað þetta gengur fljótt. Til dæmis ætti að vera nóg að slá inn kj og sam í viðkomandi reiti til þess að fá Kjartan Samúelsson eða völu og 1 til þess að fá Völusteinsstræti 1."

– Er mikil streita og spenna á útvarpinu fyrir útsendingu?

„Það er alltaf eitthvað, úr því að klukkan er orðin sex, þegar verið er að koma saman útsendingarlista og hafa til það sem með þarf, dagbók og veður og annað. Ég sé til dæmis um að hafa til veðrið fyrir þau. Það er vissulega að ýmsu að hyggja. En Finnbogi er nú orðinn svo sjóaður í þessu, að hann er eiginlega ekkert stressaður."

Finnbogi ungar út

– Er gaman að vinna á útvarpinu?

„Já. Sá er munurinn, að á 118 hitti ég engan. Á símanum er ég ein á vaktinni og hef verið það allt frá því ég byrjaði á næturvöktunum árið 1989. Þess vegna er svo mikil tilbreyting að koma á útvarpið og hitta fólk. Þar er gestkvæmt, eins og liggur í hlutarins eðli. Það bjargar alveg minni sálarheill, því að ég hef gaman af að vera innan um fólk. Í starfinu á útvarpinu hef ég kynnst og unnið með miklu ágætisfólki. Af þeim fréttamönnum sem hér hafa verið aldir upp og komið síðan við sögu á þeim vettvangi annars staðar má nefna Birnu Lárusdóttur, sem um skeið var fréttaritari Ríkisútvarpsins í Noregi en er nú læknisfrú og kennari á Þingeyri, Benedikt Sigurðsson sem síðan var fréttamaður fyrir sunnan en er nú fréttaritari RÚV í Kaupmannahöfn, og Jóhannes Bjarna Guðmundsson, sem við heyrum oft í fréttatímum Ríkisútvarpsins. Hann hleypur oft þar inn samhliða öðrum viðfangsefnum. Þetta eru allt alveg indælis krakkar og verulega gaman að hafa unnið með þeim. Það má segja að Finnboga hafi tekist nokkuð vel að unga út og auðga fréttamannaflóruna. Þau voru auðvitað mismunandi stressuð, eins og gengur."

– Ekki hefur Jóhannes Bjarni verið stressaður, fjandakornið...

„Hann hefur nú sennilega verið einna minnst stressaður af þeim öllum. Það er eins og hann getið gengið óhikað inn í hvaða hlutverk eða viðfangsefni sem er. Hann spilar á fiðlu eins og engill og flýgur..."

– ...eins og engill.

Og Dísa hlær sínum hjartanlega hlátri sem því miður er ekki á dagskránni í auglýsingatímum Svæðisútvarps Vestfjarða. En efalaust bregður honum stöku sinnum fyrir í síma 118 þegar bjargarlausir karlmenn biðja um aðstoð við hitt eða þetta.

Ekki gleyma múskatinu.

-Hlynur Þór Magnússon.

Mar
Háf
úr

kann ve

Hálfdán Gíslason (Danni) er 18 ára Bolvíkingur sem á síðustu leiktíð skoraði 32 mörk í 12 leikjum fyrir knattspyrnulið síns heimabæjar. Það er hreint ekki svo lítið! Og það var eins og við manninn mælt: Stóru félögin fyrir sunnan voru ekki lengi að fá augastað á stráknum og bjóða honum til sín. Akranes varð fyrir valinu og núna eftir áramótin fluttist hann suður á Skaga. Hálfdán skrapp vestur um síðustu helgi til þess að taka við heiðurstitli íþróttamanns ársins 1997 í Bolungarvík við athöfn sem fram fór á laugardaginn og þá um kvöldið hittumst við og spjölluðum saman.

Hálfdán æfir nú grimmt með meistaraflokki ÍA undir stjórn Loga Ólafssonar og er búinn að skrifa undir þriggja ára samning. Jafnframt er hann í námi í Fjölbrautaskóla Vesturlands og stefnir að því að ljúka stúdentsprófi að vori eftir rúmt ár. Vegna hins unga aldurs er hann ennþá löglegur með 2. flokki í knattspyrnu þó að hann æfi með meistaraflokki og var um fyrri helgi að spila á Selfossi í einum riðlanna í 2. flokki í undankeppni Íslandsmótsins í knattspyrnu innanhúss.

Fyrsta spurningin er þessi: Hvernig gekk á Selfossi?

„Okkur gekk bara mjög vel. Við unnum alla leikina.“

– Skoraðirðu mikið?

Hálfdán dregur við sig svarið, dálítið tregur og hæverskur að játa það á sig sem undirritaður vissi, að hann stóð sig mjög vel, skoraði villt og galið og var markahæstur í liðinu.

– Býstu við því að leika með meistaraflokki ÍA á komandi sumri?

„Ég geri mér vissulega vonir um það. En núna hugsa ég fyrst og fremst um að komast í hópinn. Síðan verður bara eitt að leiða af öðru. Þegar tækifærin gefast, þá verður maður að reyna að nýta þau.“

– Hvernig er lífið hjá þér á Akranesi? Fer mikill tími í æfingar? Eru mikið viðbrigði frá því sem þú ert vanur hér vestra?

Þrotlausar æfingar um hávetur

„Þetta er auðvitað mjög ólíkt því sem er hér. Á Skaganum æfum við sex sinnum í viku og hver æfing er um tveir klukkutímar, það er að segja æfingin sjálf. Þar er miklu meiri hraði og kraftur í æfingunum en ég er vanur og maður getur ekki verið að neinu dútli. Við mætum aðeins fyrr og á eftir förum við síðan í pottinn saman, þannig að þetta eru samtals um tveir og hálfur tími í hvert skipti.“

– Og það í janúarmánuði, þegar margir mánuðir eru þangað til að sjálf leiktíðin byrjar. Er þetta erfiðara en þú áttir von á?

„Já, ef eitthvað er. Ég gerði mér grein fyrir því að þetta yrði erfitt. Þetta tekur á, satt að segja. Ég fer í skólann klukkan átta að morgni og er kannski kominn heim aftur klukkan átta að kvöldi. Ég fer á æfingarnar beint úr skólanum. Ég er í svo mörgum einingum í náminu til þess að síðasta árið verði auðveldara.“

– Ertu farinn að samlagast félagsskapnum í skólanum?

„Já, þetta er allt að koma. Þetta er mjög stór skóli, um 600 nemendur bara í dagskólanum og viðbrigði að því leyti. Fyrstu dagana var dálitið erfitt að finna stofumar og því um líkt.“

– Grimmari kennarar en hér?

„Nei, ég er mjög heppinn með kennara og líka með stundatöflu. Það er ekki ein einasta eyða hjá mér í stundaskránni.“

– Og þú kannt vel við þig í hópi knattspyrnumannanna líka?

Ungir menn og reynsluboltar í bland

„Já, þetta er góður og skemmtilegur hópur, frekar ungur, en nokkrir reynsluboltar innan um. Ég er mjög ánægður með félagsskapinn. Við eigum eftir að ná langt, vona ég.“

– Hvernig tilfinning er að vera kominn suður á Akranes, þú sem varst bjartasta vonin hér vestra í fótboltanum? Finnst þér þú ekki vera að svíkja okkur Vestfirðinga?

„Nei, alls ekki. Ég var ekki bundinn einum eða neinum hérna. Þetta er bara þróunin. Það eru alltaf fleiri og fleiri að fara héðan.“

– Er það ekki hálfgerð öfugþróun, að bestu og efnilegustu ungu íþróttamennimir skuli fara héðan, en á sama tíma er verið að kaupa hingað leikmenn að sunnan og frá útlöndum til þess að halda á lofti merki Vestfirðinga í íþróttum? Verður það kannski líka þannig í fótboltanum hér eftir nokkur ár?

„Það veit ég ekki.“

– Finnst þér gaman að spila fótbolta?

Séð um alla hluti fyrir menn

„Já, það finnst mér gaman“, segir Hálfdán umsvifalaust, en dregur aftur á móti við sig að svara hvað hann fái borgað á Skaganum. „En þetta er ólíkt að öllu leyti því sem hér er, aðstaðan og allt í kringum þetta. Til dæmis má nefna, að maður mætir bara með snyrtitösku á æfingar en allt annað er til taks. Það er allt þvegið af okkur og maður þarf ekki að sjá um neitt sjálfur.“

– Það voru fleiri en Skagamenn sem voru á höttunum eftir þér í haust og vetur...

„Já, það voru nokkur fleiri lið sem höfðu samband við mig. Auk Akurnesinga voru það Keflavík, Skallagrímur, Valur og Víkingur sem sýndu mér áhuga. Hins vegar fór ég ekki í kynnisferðir nema til Akraness og Keflavíkur.“

Hálfdán verður að líkindum miðherji hjá Skagamönnum eins og hann er vanur. „Auðvitað getur þjálfarinn breytt því eitthvað, en ég hef verið í þeirri stöðu á æfingum hingað til.“

– Þú hefur ekki áhuga á því að vera bakvörður?

„Nei, mig langar nú ekki til þess eins og nú standa sakir. Ég hef mjög gaman af því að skora! Hins vegar kæmi mér ekkert á óvart þó að þjálfarinn setti mig í einhverja aðra stöðu, inn á miðjuna eða út á kantinn, en ég er ekkert að æfa það núna.“

– Hvernig markaskorari ertu? Það var sagt um markakónginn Hemma Gunn í gamla daga, að hann væri svo latur að hann lægi bara frammi og biði eftir því að fá boltann, en vissi alltaf nákvæmlega hvar hann ætti að bíða. Svo eru aðrir sem eru þindarlausir út um allan völl. Ertu duglegur, ertu baráttumaður?

„Ég veit ekki hvernig ég ætti að lýsa mér þannig. Jú, ætli ég sé ekki frekar duglegur.“

Meira fyrir að láta vaða en gefa boltann

– Ertu hungraður í mörk?

„Já, að sjálfsögðu!“

– Ef þú þarft að ákveða á sekúndubroti hvort þú átt að skjóta sjálfur eða gefa boltann, hvort gerirðu frekar?

„Ég læt frekar vaða sjálfur! Ég gerði það að minnsta kosti heima. Það þýðir ekkert annað en vera með sjálfstraustið í lagi. Annars kemst maður ekkert áfram.“

– Það hlýtur að vera gott fyrir sjálfstraustið að fara suður með 32 mörk frá liðnu sumri upp á vasann...

„Ég get ekki neitað því.“

Hálfdán Gíslason er hreinræktaður Bolvíkingur. Foreldrar hans eru Sigríður Hálfdánsdóttir og Gísli Helgason. Hann á eina eldri systur sem hefur spilað í körfunni og er því ekki alveg ókunn boltaíþróttum fremur en „litli“ bróðir.

– Hefurðu gaman af því að horfa á fótbolta í sjónvarpinu? Hafa knattspyrnumenn yfirleitt gaman af því? Eru það ekki helst getulausir miðaldra kallar með bjórvömb uppi í sófa sem hafa gaman af því að horfa á aðra spila fótbolta?

Hálfdán hlær. „Jú, ég hef mjög gaman af því að horfa á fótbolta.“

Arsenal og Ian Wright

– Hvert er uppáhaldsliðið þitt erlendis?

„Það er Arsenal.“

– Þú hefur þó væntanlega ekki séð leik Middelsbrough og Arsenal í bikamum, sem fram fór í dag á meðan athöfnin vegna íþróttamanns ársins í Bolungarvík stóð yfir...

„Jú, ég tók hann upp og var að horfa á hann áðan!“

– En uppáhaldsleikmaðurinn? Ekki þó Paul Merson, sem var í dag að leika sinn fyrsta leik með Middlesbrough gegn sínum gömlu

rkakóngurinn
dán Gíslason
Bolungarvík

el við sig á Skaganum

félögum í Arsenal?

„Nei, það er Ian Wright. Hann var reyndar ekki með í dag. Það kemur fyrir að hann fer í leikbann. Hann er mjög sérstakur leikmaður. Svo má nefna Ruud Gullit, sem núna er þjálfari Chelsea. Og auðvitað Ronaldo, sem er alger snillingur.“

– Það er kannski fullsnemmt og jafnvel óábyrgt að spyrja þannig: Langar þig út í atvinnumennsku ef þér gengur vel og sleppur við alvarleg meiðsli næstu misserin?

„Já, að sjálfsögðu.“

Eitt skref í einu

– Stefnirðu að því?

„Stefnan núna er að komast í hópinn á Skaganum. Maður tekur ekki nema eitt skref í einu. Stefnan núna er að ljúka stúdentsprófinu. Það er fyrir öllu.“

– Hvert vildirðu helst fara ef þú ættir kost á því að spila erlendis?Til Englands, Þýskalands eða Ítalíu?

„Það er náttúrlega toppbolti í Englandi, langskemmtilegasti boltinn. En atvinnumennska er nú ekki til umræðu á þessu stigi.“

Bæjarins besta óskar þessum efnilega og geðþekka íþróttamanni til hamingju með titilinn í sínum heimabæ og með samninginn við Skagamenn og óskar honum jafnframt velfamaðar í framtíðinni. Það er vissulega hábölvað að missa ungt og efnilegt fólk burt úr fjórðungnum, en á móti kemur að það er ekki hægt annað en gleðjast með þegar vel gengur.

-Hlynur Þór Magnússon.

Réttindi á vinnuvélar

80 tíma námskeið í meðferð og stjórn vinnuvéla hefst á Ísafirði 13. febrúar 1998.

Námskeiðið veitir rétt til verklegrar prófföku á allar gerðir vinnuvéla.

Verð kr. 38.000.-

Visa, Euro, raðgreiðslur.

Upplýsingar og skráning er í símum 570 7290 og 570 7289.

Iðntæknistofnun

Á uppleið Ísafjörður!

Að undanförnu hefur verið fjallað um tvennt sem skiptir alla Íslendinga máli, skatta og sjúkratryggingar. Kannski eru þetta eilífðarmál en þyrftu ekki að vera það. Á nýbyrjuðu ári hefur ekki verið ýkjamikið ris á Ísafirði og Ísfirðingum.

Til að firra misskilningi eru allir taldir Ísfirðingar í þessum skrifum, sem búa í Ísafjarðarsýslum. Þannig teljast allir íbúar Ísafjarðarbæjar, Súðvíkingar, þeir sem heyra til Langadalsströndinni, áður íbúar Nauteyrarhrepps, og Bolvíkingar til Ísfirðinga.

Öllu máli skiptir að efla samstöðu íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Nauðsyn samstöðu og samstarfsvilja hefur aldrei verið meiri. Enn eru íbúar svæðisins að súpa seyðið af sundrungu undanfarinna ára. Hún hefur verið með öllu óþörf, en hefur ráðist af smáum og fámennum sveitarfélögum, þar sem fámennið hefur villt mörgum sveitarstjórnarmanninum sýn og ákvarðanir þeirra og í atvinnulífi hafa markast af því. Tökin á atvinnumálum hafa verið færast út úr fjórðungnum, sumpart vegna afskipta stjórnmálamanna. Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður vakti athygli á ástandinu í Bolungarvík í grein er birtist í BB í síðustu viku. Því miður eru nokkur sannleikskorn í Undralandsgrein hans. Ekki verður betur séð en sannleikurinn sé yfirþyrmandi. Því til viðbótar kvað Héraðsdómur Vestfjarða upp dóm í ágreiningsmáli fyrrum hjóna vegna skilnaðar. Deilt var um kvóta og verðmæti hans á skilnaðardegi. Dómurinn er réttur. Enginn leið var að dæma á annan hátt en þann, að eignarskiptum hefði lokið með fullnægjandi hætti.

Hinn kaldi og ógnvekjandi sannleikur er sá, að eiginmaðurinn var einfaldlega í sporum manns sem vinnur í happdrætti eftir skilnað. Sá vinningur kemur ekki til skipta með fyrrum hjónum. Heppni á ekki að virða manni til lasts, en sú spurning verður áleitin hvort ekki sé ástæða til að grípa til annarra aðferða við stjórnun fiskveiða en nú gilda.

Enn einu sinni er minnt á að framtíð Vestfjarða og Vestfirðinga ræðst af sameiningu sveitarfélaga. Stjórnsýslan á því stiginu er mikilvægur þáttur mannlífs og kann að ráða búsetu margra. Hér hefur því oft verið haldið fram að fjögur væru algert hámark. Nær væri þó að stefna að einu sveitarfélagi á Vestfjörðum.

Körfubolti í sókn - 99:70

Fátt hefur glatt í fréttum úr Ísafjarðarbæ að undanförnu nema góð tíð, gott veður. Skíðafæri hefur ekki verið mikið, en menn leika golf um miðjan vetur. Bæjarstjórn hefur verið þögul sem betur fer. Margir bíða frétta af því hver verður bæjarritari í Ísafjarðarbæ. Vonandi verður aðeins einn ráðinn í starfið í einu.

Vegur Ísfirðinga er mikill að einu leyti. Frábær árangur í körfuboltanum hefur komið KFÍ í undanúrslit í bikarkeppninni. Stórsigur gegn Njarðvíkingum á Ísafirði um helgina kemur KFÍ í leik gegn Grindvíkingum í Laugardalshöllinni 14. febrúar næst komandi. Á sama tíma og frestun stendur varðandi prófkjör Sjálfstæðisflokksins ná íþróttamenn okkar frábærum árangri. Allir íbúar Ísafjarðarbæjar, já allir Ísfirðingar eru hvattir til að standa með liðinu.

Bæjarstjórn er hvött til að sýna liðsinni sitt í verki. Bæjarstjórnarmenn, sem sprengdu bæjarstjórn vegna skólamála, eru allir 11 hvattir til að mæta í Laugardalshöllina og hvetja sína menn. Meira að segja framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga er sérstaklega brýndur á því að mæta, helst með formanni sínum, og hvetja Ísfirðinga til dáða.

Íþróttir eru af hinu góða þótt þær hafi að sumu leyti fjarlægst hið upprunalega markmið, heilbrigð sál í hraustum líkama. Samkeppnin hefur þar eins og í pólitíkinni dregið athyglina frá meginmarkmiðinu eða breytt því í að ná árangri, stundum hvað sem það kostar. En mannlífið er margslungið. Íþróttirnar hvetja, þrátt fyrir öll áföll, ungt fólk til heilbrigðara lífernis og ræktunar líkama og vonandi sálar. Auk þess efla þær samkennd og hleypa keppnisskapi í heilbrigðari farveg en ella.

Sýnum samstöðu

Með þrautseigju og fórnfýsi all margra stuðningsmanna KFÍ hefur á nokkrum árum tekist að lyfta körfuboltanum á Ísafirði í þær hæðir, að eftir er tekið um allt land. Þessi staðreynd er eitt hið jákvæðasta sem frá Ísafirði kemur um þessar mundir. Nú eru allir íbúar Ísafjarðarbæjar hvattir til að sýna samstöðu og hvetja liðið til sigurs og áframhaldandi dáða. Heiður Ísfirðinga er að veði. Kannski ekki alveg, en árangurinn, ef góður reynist, ýtir undir sjálfsvitund og metnað íbúanna og smitar vonandi yfir á pólitíska sviðið. Með sigrinum um helgina kristallast þrautseigjan og uppskeran var góð. Þegar þessi orð eru rituð eru einmitt 132 ár frá því Ísafjörður hlaut kaupstaðarréttindi. Sigurinn var einnig frábær afmælisgjöf.

KFÍ til hamingju með árangurinn. Ykkur fylgja bestu óskir.

-Stakkur.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Þorrablót Sléttuhreppinga fer fram í félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 21. febrúar. Nánar auglýst síðar.

Til sölu er vel með farin og lítið notuð **Lada** árg. 1987, ekinn 70 þús. km. Verð aðeins kr. 50 þús. Upplýsingar hefur Jakob Jónsson í síma 456 4678 á kvöldin.

Til sölu er **MMC L-300,** dísel, árgerð 1989. Upplýsingar í síma 456 6126.

Óska eftir að taka **á leigu** 3-4 herbergja íbúð á Ísafirði. Upplýsingar í síma 588 2511.

Hlífar konur! Munið aðalfundinn á Hótel Ísafirði, mánudaginn 2. febrúar nk., kl. 20:30. Stjórnin.

Til sölu er tvennar **reiðbuxur** fyrir hestamenn. Upplýsingar í síma 456 5127.

Til leigu er 4ra herbergja íbúð á besta stað á Eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 5127.

Óska eftir að kaupa **snjóbretti.** Upplýsingar gefur Drífa í síma 456 4118.

Til sölu er **MMC Colt** GLXI árgerð 1991. Ekinn 116 þús. km. Upplýsingar í vinnusíma 456 3379 og heimasíma 456 4296.

Skíðaæfingar! Krakkar fæddir 1989 og 1990. Skíðaæfing verður laugardaginn 31. janúar kl. 11:00. Þjálfari.

Til sölu eða leigu er 80 m², 3ja herbergja íbúð að Stórholti á Ísafirði. Verð kr. 5,9 milljónir. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er **MMC Galant** 2000 GLSI árgerð 1993. Ekinn 78 þús. km. Bein sala. Upplýsingar í síma 456 8283 eftir kl. 19.

Til sölu eru hreinræktaðir **Border Collie** hvolpar. Upplýsingar í síma 456 4837 eftir kl. 20.

Kvenfélagið Hvöt heldur sitt árlega Hnífsdælinga **þorrablót** í félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 7. febrúar. Miðapantanir eru hjá Siggu í síma 456 3654 og hjá Dódó í síma 456 3592 eftir kl. 16 á föstudag og laugardag.

Til sölu er **hjónarúm**. Upplýsingar í síma 456 3037 eftir kl. 17.

Til leigu er 3ja herbergja íbúð að Stórholti á Ísafirði. Upplýsingar í síma 564 5045.

Til sölu er gömul handsnúin eða fótstigin **saumavél**. Fæst fyrir lítið. Upplýsingar gefur Sigurður Jónsson, Túngötu 15 í síma 456 4260.

Til sölu er 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í tvíbýli á Eyrinni á Ísafirði. Hluti íbúðarinnar er undir risi með góðri geymslu og þvottaaðstöðu. Upplýsingar í síma 456 4318.

Til leigu er einstaklingsíbúð. Upplýsingar í síma 456 4186.

Ég heiti **Grímur** og mig vantar gott heimili. Ég er 15 mánaða fress, kassavanur, geldur og þægur. Upplýsingar í síma 456 4039.

Til sölu er **Subaru** árg. 1989. Upplýsingar í síma 456 3095.

Til sölu er húseignin að Aðalgötu 9 á Suðureyri. Húseignin er mikið endurnýjuð. Upplýsingar í síma 421 6350.

Frum-Mynd

Sólgata 11 • 400 Ísafirði
Sími 456 5091

TILBOÐ
Gervihnattadiskur með móttakara, afruglara og LNB aðeins 79.900,- stgr

Allir nýjustu geisladiskarnir
Björk, Megaslög, Mono, Sarah Maclachlan, Sweet 75, Slade, Alkaholics, Lori Carson, Forest For The Trees, PPpönk, Mommyheads, Verve.

Gítarstrengir, bassastrengir, trommukjuðar, snúrur og hljóðfæri.

Leigum út aðstöðu til að klippa og hljóðsetja video.

Erum með nýju línuna frá Aiwa, ótrúlegt verð!

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

KFÍ sigraði Njarðvík í undanúrslitum Reunault bikarke

KFÍ og Grindavík leika til úrslita

KFÍ sigraði lið Njarðvíkinga með 99 stigum gegn 70 í undaúrslitum Reunault bikarkeppni KKÍ sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag. Með sigrinum eru KFÍ-menn komnir í úrslit keppninnar og koma til með að leika á móti Grindvíkingum, sem sigruðu Valsmenn sama dag, í Laugardagshöllinni, laugardaginn 14. febrúar nk. Er þetta í fyrsta skipti sem KFÍ nær svo langt í keppninni enda hefur liðið á að skipa frábærum leikmönnum sem staðið hafa sig með sóma í vetur.

Ólafur Ormsson stóð sig vel í leiknum og gerði 21 stig fyrir heimamenn.

Ísfirðingar byrjuðu leikinn betur, tóku sterka vörn á meðan Njarðvíkingar misstu boltann í fjölmörgum sóknum auk þess sem 3ja stiga skot þeirra rötuðu ekki rétta leið. Eftir 10 mínútna leik var staðan 18-10 fyrir heimamenn. Á þessum kafla leiksins lék David Bevis frábærlega vel, einkanlega í vörninni. Eftir að staðan var orðin 20-13 fyrir KFÍ fór versti kafli liðsins í leiknum í hönd. Með pressuvörn tókst Njarðvíkingum að saxa á forskotið og náðu forystu þegar 5 mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. Staðan í hálfleik var 41-42 fyrir Njarðvík.

Njarðvíkingar byrjuðu síðari hálfleik betur, KFÍ-menn misstu boltann hvað eftir annað og þegar 12 mínútur voru eftir af leiknum var staðan orðin 47-55 fyrir Njarðvík. Þá vöknuðu KFÍ-menn og fóru að leika vörn eins og þeir eru þekktir fyrir og þeir Ólafur Ormsson, Bevis og Salas jöfnuðu leikinn 55-55. Eftir það var ekki aftur snúið og munurinn jókst jafnt og þétt og endaði með 29 stiga sigri KFÍ, 99 stigum gegn 70. Hjá Ísfirðingum var David Bevis bestur, lék frábærlega vel allan leikinn. Ólafur Ormsson, Friðrik Stefánsson og Salas léku einnig mjög vel og þeir Guðni Guðnason og Baldur Jónasson voru traustir. Petey Sessoms lék vel hjá Grindvíkingum sem og Friðrik Ragnarsson.

David Bevis var stigahæstur í liði KFÍ með 31 stig, þá kom Ólafur Ormsson með 21 stig, þá Marco Salas með 18 stig og Friðrik Stefánsson með 15 stig. Petey Sessom gerði 28 stig fyrir Njarðvíkinga og þeir Friðrik Ragnarsson, Logi Gunnarsson og Teitur Örlygsson gerðu 11 stig hver. Dómarar í leiknum voru þeir Helgi Bragason og Kristinn Albertsson og komust þeir vel frá sínu hlutverki. Áhorfendur voru um 700.

Stuðningsmaður KFÍ skrifar

Það kostar klof að ríða röftum

Það eru margvíslegar hugsanir sem hafa flogið gegnum höfuðið á mér eftir undanúrslitaleikinn í bikarnum milli KFÍ og Njarðvíkinga á sunnudaginn. Fyrst og fremst um þá stórkostlegu og jákvæðu auglýsingu fyrir Ísafjörð sem frammistaða liðsins okkar er.

Nóg er alltaf um neikvæða auglýsingu héðan að vestan, að hér sé allt ómögulegt og máttlaust og allt að drepast úr aumingjaskap. Nú eru allir fjölmiðlar fullir af hástemmdum lýsingum á kraftinum í Ísfirðingum. Ísfirðingar eru loksins komnir á kortið í íþróttum á ný og það heldur betur, eftir margra ára fjarveru þaðan í svo til öllum greinum. Landsmenn taka eftir þessu.

Þetta er aðeins annað árið sem KFÍ leikur í úrvalsdeildinni. Í fyrra lenti liðið í 9. sæti af 12 og hafði í upphafi leiktíðar verið spáð falli. Núna þegar þetta er ritað á mánudegi er liðið í 3. sæti og hefur þegar fengið fleiri stig en allt tímabilið í fyrra. KFÍ hefur í vetur sigrað sjálfa Grindvíkinga á heimavelli þeirra, en sífellt hefur verið stagast á því að þeir séu með langsterkasta liðið í deildinni. Í leiknum gegn Njarðvíkingum sýndu Ísfirðingar enn einu sinni kraft sinn, þegar þeir nýstaðnir upp úr illvígri flensu og án þess að hafa þess vegna getað búið sig undir leikinn völtuðu yfir andstæðingana þegar leið á síðari hálfleik. KFÍ var 8 stigum undir snemma í seinni hálfleik en sigraði síðan með 29 stiga mun og skoraði á tímabili í seinni hálfleik 50 stig gegn 15 stigum gestanna. Það er ekki máttleysið eða úthaldsleysið þar.

En hliðarnar eru fleiri. Það kostar klof að ríða röftum. Úthaldið hjá liðinu á þessu leiktímabili kostar líklega um 15 milljónir króna. Ísfirsk fyrirtæki hafa staðið dyggilega við bakið á liðinu, eins og sjá mátti í Klakanum á laugardaginn. Þar mátti líta auglýsingaskilti og merki fyrirtækja upp um allt. Eins merkis var þó sárlega saknað: Hvergi gat að líta merki eða nafn Ísafjarðarbæjar, stærsta og öflugasta fyrirtækis á Vestfjörðum. Vissulega nýtur körfuboltinn óbeinna styrkja bæjarfélagsins, eins og til dæmis aðstöðu í íþróttamannvirkjum, en það er ekkert annað en tíðkast um allar íþróttagreinar.

Eftir tæpar þrjár vikur verður úrslitaleikurinn í bikarkeppninni háður í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Andstæðingarnir verða Grindvíkingar, en stuðningsmenn þeirra eiga styttri og greiðari leið á leikinn en Ísfirðingar. Aftur á móti eru brottfluttir Ísfirðingar fjölmennir syðra og samstaða þeirra mikil, eins og berlega kemur í ljós á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins á hverju ári og við fleiri tækifæri og nú síðast á Hótel Íslandi á laugardagskvöldið. Ég vil eindregið hvetja Ísfirðinga (og aðra Vestfirðinga) syðra að standa nú við bakið á KFÍ í úrslitaleiknum og fjölmenna í Höllina, ekki síður en á Sólarkaffið. Ég vil hvetja enn fleiri fyrirtæki til þess að koma skiltum sínum á framfæri í Laugardalshöllinni og styðja þar með starf KFÍ – og ekki síst vil ég hvetja Ísafjarðarbæ til að gera það.

Án stuðnings áhorfenda og án stuðnings fyrirtækjanna væri Ísafjörður ekki á kortinu í körfunni.

-Stuðningsmaður KFÍ.

Stuðningsmenn KFÍ stóðu sig frábærlega vel í leiknum á sunnudag sem endranær. Víst er að þeir munu fjölmenna í höllina 14. febrúar nk., þegar úrslitaleikurinn í Reunault bikarkeppninni fer fram.

Það var mikil stemmning í búningsklega KFÍ eftir leikinn.

David Bevis bar af í leiknum gegn Njarðvíkingum.

Friðrik Stefánsson átti góðan leik á sunnudag.

KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

á leið í Bikarúrslitaleik

í Höllinni

ÍSFÓLKIÐ

með Flugfélagi Íslands

og ICELANDAIR HOTELS
LOFTLEIÐIR • ESJA

Stuðningsmenn!
Fjölmennum í Höllina

Allar nánari upplýsingar veittar hjá
Flugfélagi Íslands í síma 456 3000

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

Vífilfell Ísafirði

Vífilfell á Ísafirði óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf við áfyllingar. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða.

Upplýsingar gefur Stefán í síma 456 5490.

Ísafjörður - Bíldudalur

Þrjú bein flug í viku

Miðvikudaga frá Ísafirði kl. 09:30 og 16:35
frá Bíldudal kl. 10:00 og 17:10
Fimmtudaga frá Ísafirði kl. 16:35
frá Bíldudal kl. 17:10
Símar: Ísafirði 456 4150 - Bíldudal 456 2151

ÍSLANDSFLUG
-gerir fleirum fært að fljúga

Ísafjarðarkirkja

Af hverju segjum við ,,Í nafni föður og sonar og heilags anda" þegar við signum okkur?

Hverjar eru þessar þrjár persónur í signingunni? Á sunnudag kl. 10:00 mun Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræði, leiða okkur í sannleikann um heilaga þrenningu.

Að loknu fræðsluerindi Einars og umræðum yfir morgunkaffibolla verður gengið til kirkju og tekið þátt í guðsþjónustu, sem hefst að vanda kl. 11:00.

Ísafjarðarsókn.

Vífilfell Ísafirði

Vífilfell á Ísafirði óskar eftir að taka á leigu 5-6 herbergja einbýlishús eða íbúð. Sex mánaða fyrirframgreiðsla í boði.

Upplýsingar gefur Stefán í síma 456 5490.

Raðhús til sölu

Til sölu er enda raðhús að Stakkanesi 12 á Ísafirði. Um er að ræða 173 m² glæsilega fasteign á góðum stað.

Frábært útsýni.

Upplýsingar eru gefnar í síma 456 5089 á kvöldin.

Hraðfrystihúsið hf.,

Sameinast Krókness á Ísafirði

Stjórnir Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal annars vegar og Krókness ehf., á Ísafirði, sem er í eigu Torfa Bjömssonar og fjölskyldu hans, hins vegar, hafa samþykkt að sameinast undir Hraðfrystihússins hf. Eigendur Krókness munu eignast hlutabréf í Hraðfrystihúsinu hf., við sameininguna.

Króknes ehf., á rækjubátinn Örn ÍS með samtals 200 tonna kvóta í þorskígildum, þar af 70 tonna þorskkvóta og tvo rækjukvóta í Ísafjarðardjúpi.

Þar með á Hraðfrystihúsið hf., liðlega átta þúsund tonna kvóta í þorskígildum. Hraðfrystihúsið veltir um tveimur milljörðum króna á ári. Fyrirtækið á fyrir frystiskipin Bessa ÍS, Andey ÍS og ísfisktogarann Pál Pálsson ÍS. Hraðfrystihúsið rekur bolfiskvinnslu í Hnífsdal, rækjuvinnslu í Súðavík og mjölvinnslu með Íshúsfélagi Ísfirðinga.

,,Markmiðið með sameiningunni er að styrkja stoðir Hraðfrystihússins hf., efla hráefnisöflun rækjuvinnslunnar í Súðavík og auka þorskkvóta fyrirtækisins," segir Einar Valur Kristjánsson, stjórnarformaður Hraðfrystihússins hf.

Hótel Ísland

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík var haldið á Hótel Íslandi á föstudagskvöld.

Dagskráin að þessu sinni var með hefðbundnum hætti og mættu til hennar rúmlega 500 Ísfirðingar búsettir víðsvegar um landið. Guðmundur Stefán Maríasson var á meðal þeirra og tók meðfylgjandi myndir, sem birtar eru án texta, fyrir blaðið á hátíðinni.

Helgar-dagskráin

Helgar-veðrið

Helgar-sportið

FIMMTUDAGUR

09.00	Línurnar í lag
09.15	Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00	1941 (e)
15.15	Oprah Winfrey (e)
16.00	Eruð þið myrkfælin?
16.25	Steinþursar
16.50	Með afa
17.40	Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00	Fréttir
18.05	Nágrannar
19.00	19>20
19.30	Fréttir
20.00	Ljósbrot
20.35	Systurnar (14:28)
21.30	Morðsaga (14:18)
22.30	Kvöldfréttir
22.50	Stræti stórborgar (18:22)
23.40	1941 (e)
01.35	Dauðaheit (e)

FÖSTUDAGUR

09.00	Línurnar í lag
09.15	Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00	Stræti stórborgar (17:22) (e)
13.45	Þorpslöggan (10:15) (e)
14.35	Sjónvarpsmarkaðurinn
15.00	Ellen (9:25) (e)
15.35	NBA tilþrif
16.00	Skot og mark
16.25	Steinþursar
16.50	Töfravagninn
17.15	Glæstar vonir
17.35	Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00	Fréttir
18.05	Tónlistarmyndbönd ársins 1997
19.00	19>20
19.30	Fréttir

KRÚSIN

TRÚBADORINN
HALLI REYNIS
SKEMMTIR FÖSTUDAGSKVÖLD ÁSAMT DISKÓTEKI

DANSHLJÓMSVEITIN
RÓSIN
skemmtir
laugardagskvöld til 03

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

HALLI REYNIS

Á LAUGARDAGSKVÖLD TIL KL. 03
ÁSAMT DISKÓTEKI

ÍSAFJARÐARBÍÓ

James Bond
Fimmtudag og
föstudag kl. 9
Sunnudag kl. 10
Mánudag og
þriðjudag kl. 9

Hercules
með íslensku tali
Sunnudag
kl. 3 og 5



Opnunartími
í Vídeóhöllinni
Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga

Verð á myndböndum:
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!

Vandaðu
til verks...
... verslaðu í
Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin
– við Norðurveg
456 4853

Ert þú að leita að: spennumúsiksannsögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?

20.00 Lois og Clark (19:22)
20.55 Svarthvít samheldni
22.35 Nína fær sér elskhuga
00.15 Í loft upp (e)
02.15 Valtað yfir pabba (e)

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Andinn í flöskunni
10.15 Bíbí og félagar
10.20 Tasmanía
11.10 Sjóræningjar
11.35 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.30 NBA molar
13.15 Allt látið flakka (e)
14.50 Enski boltinn
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 60 mínútur
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Vinir (24:25)
20.35 Cosby (15:25)
21.05 Morgunverðarklúbburinn
22.40 Á miðnætti í Pétursborg
00.10 Athafnaskáld
02.35 Hverjum skal treysta? (e)

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Ævintýri Mumma
09.45 Disneyrímur
10.35 Spékoppur
10.55 Úrvalsdeildin
11.20 Ævintýrabækur Enid Blyton
11.45 Madison (18:39) (e)
12.10 Tónlist (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.55 Húsið á sléttunni (8:22)
17.40 Glæstar vonir
18.05 Barbara Walters (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Seinfeld (19:24)
20.30 Heima
21.00 Saga til næsta bæjar
22.45 60 mínútur
23.35 Bóhemalíf (e)

FIMMTUDAGUR

08.30 Skjáleikur
10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (12:13)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.05 Frasier (18:24)
21.30 ...þetta helst
22.10 Ráðgátur (17:18)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Króm
23.40 Skjáleikur

FÖSTUDAGUR

14.45 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími - Sjónvarpskringlan
18.00 Þytur í laufi (27:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (10:26)
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.10 Njósnir, lygar og læri ber
Bandarísk gamanmynd frá 1988 um sérvitran erindreka hins opinbera og tilraun hans til þess að bjarga heiminum úr klóm brjálæðings.
22.45 Sjónarvotturinn
Bandarísk spennumynd frá 1984. Ellefu ára drengur flækist inn í spennandi atburðarás eftir að hann verður vitni að morði á alríkislögreglumanni.
00.20 Ráðgátur (17:18)

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Viðskiptahornið
10.50 Þingsjá
11.15 Skjáleikur
14.20 Þýska knattspyrnan
16.20 Íþróttaþátturinn
18.00 Dýrin tala (20:39)
18.25 Hafgúan (7:26)
18.50 Bernskubrek (4:6)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Kavanagh lögmaður
Ný bresk sjónvarpsmynd um málavafstur Kavanaghs lögmanns.
22.35 Lokagreiningin
Bandarísk spennumynd frá 1992 um geðlækni sem kemst í hann krappan eftir kynni hans af tveimur dularfullum systrum.

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
12.00 Markaregn
13.00 Doobie Brothers á tónleikum
Upptaka frá tónleikum bandarísku rokkhljómsveitarinnar The Doobie Brothers í maí í fyrra.
14.00 Listamannaskálinn - Michael Flatley
15.00 Íslandsmótið í badminton
17.00 Skautakóngurinn
18.00 Stundin okkar
18.30 Milli vina (2:11)
19.00 Geimstöðin (12:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Sunnudagsleikhúsið
21.00 Fólk og firnindi
22.00 Helgarsportið
22.20 Madame Butterfly
Kvikmynd frá 1995 gerð eftir óperu Puccinis.

TV3 - NOREGUR

Miðvikudagur 28. janúar kl. 19:55
Arsenal - Chelsea
Sunnudagur 1. febrúar kl. 13:15
Ítalski boltinn

NRK 1

Laugardagur 31. janúar kl. 10:50
Heimsmeistaramótið á skíðum
Laugardagur 31. janúar kl. 15:30
Heimsmeistaramótið á skíðum
Sunnudagur 1. febrúar kl. 11:55
Heimsmeistaramótið á skíðum

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 31. janúar kl. 14:45
Enski boltinn

TV NORGE

Laugardagur 31. janúar kl. 17:00
Norski handboltinn 1. deild

TV3 - DANMÖRK

Sunnudagur 1. febrúar kl. 13:00
Ítalski boltinn

Horfur á fimmtudag:
Fremur suðlæg átt með súld sunnan og vestanlands en annars þurrt.

Horfur á föstudag:
Suðvestan kaldi og skúrir vestantil og við norðurströndina.

Á laugardag og sunnudag:
Él um um norðan- og vestanvert landið.

Á mánudag:
Útlit fyrir vestlæga átt og rigningu.

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Hagnaður af rekstri Básafells hf., á Ísafirði nam 51 milljón króna á fyrstu þremur mánuðum nýs rekstrartímabils, frá 1. september til 30. nóvember á síðasta ári.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Gjuggum í Höllinni
laugardaginn
14. febrúar
Flug og gisting
frá kr. 7.500,- nóttin

Nýtt rekstrarár hjá Sjávarútvegsfyrirtækinu Básafelli á Ísafirði

51 milljóna króna hagnaður fyrstu þrjá mánuðina

Hagnaður af rekstri sjávarútvegsfyrirtækisins Básafells hf., á Ísafirði á fyrstu þremur mánuðum nýs rekstrartímabils, eða frá 1. september til 30. nóvember á síðasta ári, nam 51 milljón króna samkvæmt árshlutauppgjöri sem nú liggur fyrir. Tap af reglulegri starfsemi var 18 milljónir króna á sama tímabili en ef miðað er við síðasta rekstrarár, er ljóst að vinna við endurskipulagningu og hagræðingu hjá fyrirtækinu er farin að skila árangri.

Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 747 milljónum króna en rekstrargjöld 604 milljónum. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað var 143 milljónir, afskriftir námu 90 milljónum og fjármagnskostnaður 70 milljónum króna. Tap af reglulegri starfsemi var því um 18 milljónir króna. Óreglulegar tekjur umfram gjöld námu 69 milljónum króna og varð því hagnaður af rekstri Básafells, rúm 51 milljón króna á umræddu 3ja mánaða tímabili. Veltufjármunir námu 1.052 milljónum króna í lok nóvember 1997 og á sama tíma námu skammtímaskuldir félagsins 1.014 milljónum króna. Eigið fé fyrirtækisins nam 1.680 milljónum króna og heildarskuldir voru 4.552 milljónir króna.

Á almanaksárinu 1997 öfluðu skip félagsins um 7.600 tonn af sjávarafla að verðmæti um 750 milljónir króna. Þar af var rækja 3.800 tonn. Framleiðsla rækjuverksmiðju félagsins var um 1.600 tonn af frystum afurðum og um 3,7 milljónir dósa af niðursoðinni rækju. Heildarverðmæti rækjuafurða var um 1.100 milljónir króna. Í bolfiski var framleiðslan um 1.600 tonn að verðmæti um 480 milljónir króna.

Í frétt frá félaginu segir að áfram sé unnið hörðum höndum að stefnumótun og endurskipulagningu á rekstrinum. Nú standa yfir viðræður um sölu á skipunum Jónínu og Páli án aflaheimilda og er áætlað að söluverðmæti þeirra nemi um 85 milljónum króna. Í athugun er að selja Gylli ásamt einhverjum aflaheimildum. Einnig er í skoðun sala á eignarhlutum Básafells í öðrum félögum.

Nýtt! Nýtt!
Hárskraut
Spangir
Spennur
og fleira
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Flateyri

Spessi á kajak

Ljósmyndarinn Spessi er þessa dagana að vinna að verkefni á Ísafirði. Hann gaf sér tíma um helgina til að æfa kajaksiglingar og voru meðfylgjandi myndir teknar af honum við æfingar í sundlauginni á Flateyri á laugardag.

Allir í
HÖLLINA
14. febrúar
Flug og gisting
á Grand Hótel
frá kr. 8.230,-
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

PÓLLINN HF.
KJALLARA-VERÐ!
Vídeó 2+1 hausa frá kr. 18.900,- stgr.
Vídeó 4+1 hausa, LP, frá kr. 24.900,- stgr.
Vídeó 4+2 hausa, stereó, LP, frá kr. 29.900,- stgr.
14" Sjónvörp frá kr. 19.900,-
20" Sjónvörp frá kr. 32.900,-
PÓLLINN HF.
Sími 456 3092 • Verslun 456 4594